Félagsþjónustan í Reykjavík / Ársskýrsla 2003

# Ársskýrsla
# Félagsþjónustunnar í Reykjavík 2003



# Efnisyfirlit

**Ávarp félagsmálastjóra** ........ 3
**Nefndir og ráð** ........ 4
**Skipulag Félagsþjónustunnar** ........ 5
**Borgarhlutaskipting, staðsetning þjónustustaða** ........ 6
**Helstu nýmæli** ........ 10
**Chief Innovations** ........ 10
**Þjónusta** ........ 16
- **Fjárhagsaðstoð** ........ 17
- **Húsaleigubætur** ........ 20
- **Húsnæðismál** ........ 23
- **Ráðgjöf** ........ 26
- **Barnavernd** ........ 27
- **Starfsemi fyrir börn og unglinga** ........ 30
- **Félagsstarf** ........ 33
- **Stuðningur við fólk í heimahúsum** ........ 33

**Fjármál** ........ 37
**Helstu lykiltölur 2002 og 2003** ........ 40

**Félagsþjónustan í Reykjavík**

Ábyrgðarmaður: Sigríður Jónsdóttir
Umbrot: Gott fólk McCann
Prentun: Prentmet
Ljósmyndir: Félagsþjónustan í Reykjavík
2004



## Ávarp félagsmálastjóra

Fyrsta ársskýrsla um félagsþjónustu í Reykjavík kom út árið 1969. Þar segir í inngangi Páls Líndal, fyrsta formanns félagsmálaráðs: „Sú skýrsla sem hér birtist, mun vera fyrsta heildarskýrslan sem kemur út á vegum Reykjavíkurborgar um meðferð félagsmála". Skýrslan tók aðallega til ársins 1968 en einnig hluta árs 1967, eða allt frá því að fyrsta félagsmálaráð tók til starfa í kjölfar samþykktar borgarstjórnar um nýja skipan félagsmála í Reykjavík.

Strax í upphafi kom í ljós mikill skortur á að nauðsynleg gögn um „félagsmálefni borgarinnar" lægju fyrir á aðgengilegan hátt. Frumherjarnir í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar ákváðu því að upp frá þessu yrði unnin ársskýrsla um þennan málaflokk „þannig að finna mætti á einum stað hið helsta, er máli skipti". Nú 35 árum síðar er augljóst hversu farsæl þessi ákvörðun var og ekki síður hversu mikill metnaður hefur æ síðan verið lagður í alla umsjá, vinnslu og varðveislu gagna um félagsþjónustuna í borginni.

Á grundvelli slíkra gagna er hægt að fylgjast með þróun málaflokksins og taka ákvarðanir bæði nú og til framtíðar á grundvelli vitneskju og staðreynda. Á seinni árum hafa bæst við nýjar leiðir og hugtök s.s. lykiltölur, markmiðssetningar og mælikvarðar, nú síðast stefnu- og skorkort. Allt þetta hjálpar til við að halda utan um viðamikinn og á tíðum viðkvæman málaflokk sem félagsmálin eru.

Þeir sem ráðnir eru til að stjórna félagsmálum borgarinnar og ekki síður þeir sem halda pólitískt utan um stjórnvölinn verða ávallt að standa vörð um þessa þekkingu og sérhæfingu á öflun gagna og greiningu þeirra. Án þess er hætt við að sagan glatist og eins sá þráður sem tengir saman nútíð og fortíð og leggur grundvöllinn að framtíðinni.

Það er gömul saga og ný að margir halda, ekki síst yngra fólk, að sagan byrji með því sjálfu og óþarfi sé að hirða um hið liðna. Mikilvægt er hins vegar að halda sögunni á lofti, ekki til þess að lifa í fortíðinni heldur til að læra af henni.

Það sem einkennir málaflokk félagsmála umfram marga aðra er að hann verður að fylgjast með og vera viðbúinn breytingum í þjóðfélaginu og geta aðlagað þjónustu sína og úrræði á hverjum tíma í samræmi við þessar breytingar. Til að slíkt sé mögulegt þarf að greina þarfirnar og það verður ekki gert nema á grundvelli upplýsinga bæði um notendur Félagsþjónustunnar en einnig á þjóðfélagsaðstæðum. Félagsþjónustan í Reykjavík hefur átt því láni að fagna á undanförnum árum að hafa á að skipa öflugu rannsóknar- og þróunarsviði sem með metnaðarfullu og vel menntuðu starfsfólki sínu hefur getað lagt grundvöllinn að söfnun upplýsinga og auk heldur greint og túlkað þessi gögn svo hægt sé að byggja á þeim til framtíðar.

Þessum pistli var að nokkru ætlað að tengja saman fortíð og nútíð, minna á frumherjana í málaflokknum og þá staðreynd að þeir höfðu hugsjónir og framtíðarsýn sem er enn í góðu gildi þótt framkvæmdin breytist í takt við tímann. Því þykir mér rétt að enda á lokaorðum Páls Líndal í inngangi fyrstu ársskýrslunnar og gera þau að mínum.

„Meðal þeirra illu norna, er valda mönnum ósköpum, eru ýmis þau þjóðfélagsmein, sem reynt er að leysa á vettvangi félagsmála. Það er að vísu satt, að „hamingjan býr í hjarta manns", en með ýmiss konar aðstoð má gera fjölda manna lífið mun hamingjuríkara en ella. Og er það ekki einmitt aðalverkefni allra stjórnvalda að vinna að slíku? Og engin stjórnvöld standa að þessu leyti nær einstaklingnum en þau sem að félagsmálum starfa. Þeim störfum fylgir mikil ábyrgð, en þar er líka til mikils að vinna."

**Lára Björnsdóttir**
**félagsmálastjóri**

# Nefndir og ráð

## Félagsmálaráð

Björk Vilhelmsdóttir formaður, Dagný Jónsdóttir varaformaður, Stefán Jóhann Stefánsson, Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Margrét Einarsdóttir.

Varamenn: Hafdís Júlía Hannesdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Kristján Guðmundsson og Jórunn Frímannsdóttir

Alfreð Þorsteinsson var skipaður í félagsmálaráð í stað Dagnýjar Jónsdóttur í febrúar 2003 og Óskar Dýrmundur Ólafsson skipaður varamaður í stað Sigríðar Stefánsdóttur.

Áheyrnarfulltrúi félagsmálaráðs:
Margrét Sverrisdóttir og Gísli Helgason til vara.

Starfsmenn Félagsþjónustunnar sem sátu fund:
Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri
Stella K. Víðisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Ellý A. Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs
Sigríður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs
Ólöf Finnsdóttir, forstöðumaður lögfræðiskrifstofu.

Á árinu 2003 hélt félagsmálaráð 24 fundi.

## Barnaverndarnefnd

Gréta Baldursdóttir formaður, Guðlaug Teitsdóttir varaformaður, Sigmundur Stefánsson, Hanna Johannessen og Kristín Edwald.

Varamenn: Svava Halldóra Friðgeirsdóttir, Erla Björg Sigurðardóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Svanhvít Axelsdóttir og Bessý Jóhannsdóttir.

Starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur sem sátu fundi:
Guðrún Frímannsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur og barnaverndarnefndar Reykjavíkur
Anna S. Örlygsdóttir, lögfræðingur og Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur sátu fundi barnaverndarnefndar til skiptis
Kolfinna Gunnarsdóttir, deildarfulltrúi.

Barnaverndarnefnd hélt 26 fundi á árinu.

## Verkaskipting milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Eftirfarandi reglur um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2000, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 58/1992 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Félagsmálaráð Reykjavíkur:
- Stefnumótun og uppbygging úrræða.
- Rannsóknir og kannanir.
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:
- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna.
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum.
- Eftirlit með heimilum og stofnunum.
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni.

Skipurit Félagsþjónustunnar




# Skipulag Félagsþjónustunnar

Í skipulagi Félagsþjónustunnar er lögð áhersla á að skilja að annars vegar ráðgjöf, greiningu, þjónustumat og forgangsröðun, sem eru verkefni ráðgjafarsviðs, og hins vegar þróun og rekstur þjónustuúrræða, sem eru verkefni þjónustusviðs. Á þann hátt verða þarfir notandans gerðar sýnilegri og óháðari því hvaða þjónustuúrræði eru fyrir hendi hverju sinni. Ráðgjafinn mætir notandanum á þeirri borgarhlutaskrifstofu sem er næst heimili hans. Hann er fulltrúi notandans og bandamaður „í kerfinu“, hvort heldur það er margþætt þjónustukerfi Félagsþjónustunnar eða annarra. Ráðgjöfin fer fram á grundvelli jafnræðis og með virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. Forsenda þess að þetta markmið náist er að skilja alvarlegasta stjórnvaldsþátt Félagsþjónustunnar, barnaverndina, frá hinni almennu og opnu félagsþjónustu. Það var gert með stofnun sérstakrar skrifstofu barnaverndarnefndar 1. september 2000.

Barnavernd Reykjavíkur, sem er hluti af Félagsþjónustunni í Reykjavík, ber ábyrgð á barnaverndarmálum í borginni og vinnslu alvarlegustu barnaverndarmálanna.

Fjármálasvið, þróunarsvið, starfsmannaskrifstofa og lögfræðiskrifstofa starfa þvert á ráðgjafarsvið, þjónustusvið og Barnavernd Reykjavíkur og veita þeim ýmiss konar þjónustu. Hlutverk fjármálasviðs er að bera ábyrgð á og annast alla þá þætti sem snúa að fjármálum og rekstri Félagsþjónustunnar. Jafnframt hefur sviðið umsjón með launa- og tölvumálum og veitir forstöðumönnum stuðning við þá þætti sem eru á verksviði sviðsins.

Hlutverk þróunarsviðs felst í frumkvæði, framþróun og nýsköpun í samvinnu við aðrar starfseiningar Félagsþjónustunnar, samstarfsaðila og notendur. Verkefni sviðsins eru fjölbreytt. Má þar nefna upplýsingasöfnun og tölfræðiúrvinnslu, en standa þarf skil á upplýsingum um þjónustuna til stjórnvalda, starfsmanna og almennings. Ársskýrsla og skýrslugjöf til ráðuneyta er hluti þessarar vinnu; rannsóknir og kannanir, s.s. notendakannanir; umsjón með hugbúnaðarmálum, s.s. þróun þjónustukerfa; kynningar- og upplýsingamál, s.s. umsjón með og þróun vefsíðu og starfsmannavefs; og samstarf um þróunar- og forvarnavinnu við aðrar starfseiningar.

Starfsmannaskrifstofa hefur yfirumsjón með starfsmannamálum. Hún hefur frumkvæði að stefnumörkun í málaflokknum og gætir þess að samræmis sé gætt og heildarhagsmunir ráði ákvörðunum um málefni starfsmanna. Hún veitir ráðgjöf og upplýsingar um starfsmannamál og fylgist með að þær reglur, viðmið og leiðbeiningar, sem Félagsþjónustan hefur til hliðsjónar í starfsmannamálum, séu virtar.

Hlutverk lögfræðiskrifstofu er að sinna lögfræðilegri ráðgjöf við yfirstjórn, aðra stjórnendur og starfsmenn Félagsþjónustunnar. Skrifstofan annast margvísleg lögfræðileg verkefni og veitir ráðgjöf í daglegri starfsemi Félagsþjónustunnar.




# Merkingar á korti

Aðalskrifstofa:

1. Aðalskrifstofa, Síðumúla 39

Umsóknir, upplýsingar og ráðgjöf:

2. Skúlagata 21, borgarhlutaskrifstofa
3. Suðurlandsbraut 32, borgarhlutaskrifstofa
4. Álfabakki 12, borgarhlutaskrifstofa

M Miðgarður, Langarima 21
V Vesturgarður, Hjarðarhaga 45-47

Barnaverndarmál:

5. Barnavernd Reykjavíkur, Skipholti 50b

Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu:

6. Aflagrandi 40
7. Árskógar 4
8. Bólstaðarhlíð 43
9. Hraunbær 105
10. Hvassaleiti 56-58
11. Vesturgata 7

Félagsstarf og þjónustuíbúðir:

12. Dalbraut 21-27
13. Furugerði 1
14. Langahlíð 3
15. Lindargata 57, 59, 61, 64, 66
16. Norðurbrún 1
17. Seljahlíð, Hjallasel 55
18. Þórðarsveigur 1-5, Grafarholti

Félagsstarf:

19. Dalbraut 18-20
20. Hæðargarður 31
21. Sléttuvegur 11

Hjúkrunarheimili:

22. Droplaugarstaðir, Snorrabraut 58
17. Seljahlíð, Hjallasel 55

Ýmis starfsemi:

15. Lindargata 59, dagvist fyrir aldraða
23. Þorragata 7, Þorrasel, dagvist fyrir aldraða
24. Álfaland 6, skammtímavist fyrir fötluð börn
25. Amtmannsstígur 5a, unglingaathvarf
26. Keilufell 5, unglingaathvarf
27. Ásvallagata 14, fjölskylduheimili
28. Búðagerði 9, fjölskylduheimili
29. Laugarásvegur 39, vistheimili barna
30. Hraunberg 15, stuðningsheimilið Tilveran
31. Miklabraut 13, búsetuþjónusta fyrir geðfatlaða
32. Sólvallagata 10, Fjölskylduþjónustan Lausn
32. Sólvallagata 10, Stuðningurinn heim
33. Þingholtsstræti 25, Gistiskýlið
34. Miklabraut 20, stuðningsbýli fyrir heimilislausa
35. Miklabraut 18, stuðningsheimili


4.2 Nes
4.1 Grafarvogur
Borgarhluti 4
3.2 Árbær
Borgarhluti 3
3.1 Breiðholt
Strandvegur
Gufunes
Korpúlfsstaðir
Vesturlandsvegur
Hallsvegur
Langirimi
Gullinbrú
Höfðabakki
Sæbraut
Elliðaárvogur
Geirsnef
Reykjanesbraut
Reynisvatnsvegur
Kristnibraut
Suðurlandsvegur
Hraunbær
Elliðaárstífla
Stekkjarbakki
Álfabakki
Breiðholtsbraut
Austurberg
Hraunberg
9
18
4
7
30
26
17

# Borgarhlutaskipting

Félagsþjónustan í Reykjavík starfar skv. samþykkt borgarráðs frá 2. október 2001 um hverfaskiptingu í Reykjavík, þar sem borginni er skipt í fjóra borgarhluta og hverjum borgarhluta í tvö hverfi. Þann 16. júní 2003 samþykkti borgarráð nýja hverfaskiptingu sem skiptir Reykjavík í 10 hverfi. Félagsþjónustan starfaði ekki skv. nýrri hverfaskiptingu á árinu.

Íbúar í Reykjavík 31. desember 2003 voru 113.288.*

Félagsþjónustan í Reykjavík veitir íbúum í borgarhlutum 1, 2 og 3 þjónustu, en Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi, veitir íbúum í borgarhluta 4.1 þjónustu. Borgarhlutaskrifstofa í borgarhluta 2 veitir íbúum í hverfi 4.2, Kjalarnesi, þjónustu.

**Mannfjöldi í Reykjavík 31. desember**
*- Skipting eftir borgarhlutum**

| Borgarhluti | Fjöldi íbúa | Hlutfall |
|---|---|---|
| Borgarhluti 1 | 26.960 | 23,8% |
| Borgarhluti 2 | 35.344 | 31,2% |
| Borgarhluti 3 | 31.867 | 28,1% |
| Borgarhluti 4 | 18.790 | 16,1% |
| Óstaðsettir í hús | 327 | 0,3% |
| **Samtals** | **113.288** | **100%** |

*Samanlagður íbúafjöldi í borgarhlutum 1, 2 og 3 er 94.171.

**Aldursskipting íbúa**
*- Skipting eftir borgarhlutum*

| Aldur | Borgarhl. 1 | Borgarhl. 2 | Borgarhl. 3 |
|---|---|---|---|
| 0-12 | 15% | 16% | 19% |
| 13-17 | 5% | 6% | 7% |
| 18-29 | 23% | 16% | 19% |
| 30-49 | 30% | 27% | 27% |
| 50-66 | 15% | 16% | 19% |
| 67-79 | 8% | 12% | 6% |
| 80 ára og eldri | 4% | 7% | 2% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | **100%** |

**Fjölskyldugerð - íbúar 18 ára og eldri**
*- Skipting eftir borgarhlutum*

| Aldur | Borgarhl. 1 | Borgarhl. 2 | Borgarhl. 3 |
|---|---|---|---|
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 21% | 24% | 27% |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 20% | 28% | 26% |
| Einstætt foreldri | 6% | 6% | 7% |
| Einhleypur karl | 28% | 21% | 22% |
| Einhleyp kona | 25% | 22% | 17% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | **100%** |

## Staðsetning þjónustustaða

## Borgarhluti 1

Í borgarhluta 1 er íbúafjöldi 26.960 og skiptist í hverfi 1.1 Miðbæ og 1.2 Vesturbæ.

Í hverfi 1.1 Miðbæ er íbúafj. 12.751 eða 47% íbúa borgarhlutans. Í hverfi 1.2 Vesturbæ er íbúafj. 14.209 eða 53% íbúa borgarhlutans.

**Þjónustueiningar í borgarhluta 1 skiptast á eftirtalinn hátt eftir hverfum:**

### 1.1 Miðbær:

**Borgarhlutaskrifstofa, Skúlagötu 21**
Upplýsingar og umsóknir um þjónustu til íbúa í Miðbæ og Vesturbæ. Persónuleg ráðgjöf, greining og þjónustumat.

**Félags- og þjónustumiðstöð, Vesturgötu 7**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Félagsstarf, dagvist fyrir aldraða og þjónustuíbúðir, Lindargötu 59**

**Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili fyrir aldraða, Snorrabraut 58**

**Unglingaathvarf, Amtmannsstíg 5**

**Fjölskylduþjónustan Lausn, Sólvallagötu 10**
Meðferðar- og ráðgjafarstöð.

**Stuðningurinn heim, Sólvallagötu 10**
Leiðbeiningar og fræðsla á heimilum barnafjölskyldna.

**Búsetuþjónusta fyrir geðfatlaða, Miklubraut 13**
Stjórnun stuðnings við geðfatlaða til búsetu utan stofnunar.

**Gistiskýlið, Þingholtsstræti 25**
Gisting fyrir húsnæðislausa vímuefnaneytendur.

*Hagstofa Íslands.

### 1.2 Vesturbær:
**Vesturgarður, Hjarðarhaga 45-47**
Fjölskyldu- og skólaþjónusta. Samþætt fjölskylduþjónusta fyrir íbúa í Vesturbæ. Upplýsingar og umsóknir, persónuleg ráðgjöf, greining og þjónustumat. Að Vesturgarði standa Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Leikskólar Reykjavíkur og Félagsþjónustan í Reykjavík.

**Félags- og þjónustumiðstöð, Aflagranda 40**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Þorrasel, dagdeild fyrir aldraða, Þorragötu 7**

**Fjölskylduheimili, Ásvallagötu 14**
Úrræði í barnaverndarmálum.

## Borgarhluti 2

Í borgarhluta 2 er íbúafjöldi 35.344 og skiptist í hverfi 2.1 Laugardal og 2.2 Kringlu.

Í hverfi 2.1 Laugardal er íbúafj. 20.133 eða 57% íbúa borgarhlutans.
Í hverfi 2.2 Kringlu er íbúafj. 15.211 eða 43% íbúa borgarhlutans.

**Þjónustueiningar í borgarhluta 2 skiptast á eftirtalinn hátt eftir hverfum:**

### 2.1 Laugardalur:
**Borgarhlutaskrifstofa, Suðurlandsbraut 32**
Upplýsingar og umsóknir um þjónustu til íbúa í Laugardal og Kringlu, persónuleg ráðgjöf, greining og þjónustumat. Staðsetning matshóps aldraðra sem stýrir vistunarmati sem liggur til grundvallar vistun aldraðra á stofnun.

**Aðalskrifstofa Félagsþjónustunnar, Síðumúla 39**
Skrifstofa félagsmálastjóra, fjármálasvið, þróunarsvið, starfsmannaskrifstofa, lögfræðiskrifstofa, framkvæmdastjórar ráðgjafar- og þjónustusviðs.

**Barnavernd Reykjavíkur, Skipholti 50b**

**Félags- og þjónustumiðstöð, Bólstaðarhlíð 43**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Félagsstarf og þjónustuíbúðir, Dalbraut 21-27**

**Félagsstarf og þjónustuíbúðir, Lönguhlíð 3**

**Félagsstarf og þjónustuíbúðir, Norðurbrún 1**

**Félagsmiðstöð, Dalbraut 18-20**

**Vistheimili barna, Laugarásvegi 39**
Úrræði í barnaverndarmálum.

### 2.2 Kringla:
**Félags- og þjónustumiðstöð, Hvassaleiti 56-58**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Félagsstarf og þjónustuíbúðir, Furugerði 1**

**Félagsmiðstöð, Hæðargarði 31**

**Félagsmiðstöð, Sléttuvegi 11**

**Fjölskylduheimili, Búðagerði 9**
Úrræði í barnaverndarmálum.

**Skammtímavistun, Álfalandi 6**
Úrræði fyrir fötluð börn.

**Stuðningsbýli fyrir heimilislausa, Miklubraut 20**
Samhjálp rekur stuðningsbýlið fyrir heimilislausa samkvæmt sérstökum samningi við Félagsþjónustuna.

**Stuðningsheimilið Miklubraut 18**
Áfangaheimili með stuðningi sem er rekið af Samhjálp samkvæmt sérstökum samningi við Félagsþjónustuna

## Borgarhluti 3

Í borgarhluta 3 er íbúafjöldi 31.867 og skiptist í hverfi 3.1 Breiðholt og 3.2 Árbæ.

Í hverfi 3.1 Breiðholti er íbúafj. 21.167 eða 66% íbúa borgarhlutans.
Í hverfi 3.2 Árbæ er íbúafj. 10.703 eða 34% íbúa borgarhlutans.

**Þjónustueiningar í borgarhluta 3 skiptast á eftirtalinn hátt eftir hverfum:**

### 3.1 Breiðholt:
**Borgarhlutaskrifstofa, Álfabakka 12**
Upplýsingar og umsóknir um þjónustu til íbúa í Árbæ og Breiðholti. Persónuleg ráðgjöf, greining og þjónustumat.

**Félags- og þjónustumiðstöð, Árskógum 4**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Unglingaathvarf, Keilufelli 5**

**Seljahlíð, Hjallaseli 55**
Hjúkrunarheimili, þjónustuíbúðir og félagsstarf.

**Stuðningsheimilið Tilveran, Hraunbergi 15**
Nýtt stuðningsúrræði fyrir ungmenni sem eru að koma úr meðferð.

### 3.2 Árbær:
**Félags- og þjónustumiðstöð, Hraunbæ 105**
Félagsstarf og stjórnun heimaþjónustu.

**Þjónustuíbúðir og félagsstarf, Þórðarsveig 1-5, Grafarholti**

# Helstu nýmæli

## Stefnumótun

Í starfsáætlun Félagsþjónustunnar fyrir árið 2003 var lögð áhersla á þrjú meginþemu ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Megninþemu Félagsþjónustunnar voru:

- Að leggja áherslu á aðgerðir til að börn í efnalitlum fjölskyldum geti tekið þátt í samfélaginu til jafns við önnur börn. Auk þess að foreldrar fái aukinn stuðning við að takast á við uppeldishlutverkið.
- Að fara nýjar leiðir í að veita stærri hópi aldraðra og öðrum sem á þurfa að halda, viðamikinn stuðning í heimahúsum og utan stofnana.
- Að leita leiða til þess að mæta húsnæðisvanda efnalítilla Reykvíkinga sem eru á biðlistum eftir félagslegu húsnæði.

Öll hverfin, sem eru innan lögsögu Félagsþjónustunnar, lögðu fram sérstök markmið fyrir sitt hverfi þar sem áhersla var m.a. lögð á leitar- og forvarnarstarf af ýmsum toga.

## Bætt þjónusta

### Æskufell

Þann 30. janúar 2003 var undirritaður samstarfssamningur Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Fellaskóla, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Miðbergs/ÍTR um sameiginlegan rekstur Æskufells, sem er dægradvöl fyrir nemendur í Fellaskóla. Æskufell er einkum fyrir nemendur í 1.- 4. bekk sem þurfa persónulegan stuðning til viðbótar við þann stuðning sem skólinn og frístundaheimilið hefur upp á að bjóða. Í Æskufelli starfa tveir starfsmenn, báðir í hálfri stöðu.

### Nýtt heimili fyrir heimilislausa

Gerður var formlegur samningur við Samhjálp um rekstur heimilis fyrir heimilislausa Reykvíkinga þann 15 ágúst. Markmiðið með heimilinu er að styðja þá einstaklinga, sem hafa ekki náð árangri með hefðbundnum meðferðarúrræðum, til betra lífs. Á heimilinu er rými fyrir 8 einstaklinga og hefur hver sitt eigið herbergi, utan einn sem hefur til umráða litla einstaklingsíbúð. Heimilið er nokkurs konar áfangaheimili, en með miklum stuðningi.

### Aukin þjónusta við börn með sérþarfir

Þann 19. desember var undirritaður samningur milli Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Tryggingastofnunar ríkisins og Miðgarðs um að auka þjónustu við börn með sérþarfir. Meginmarkmiðið er að efla þekkingu og skilning á þörfum þessara barna og auka samvinnu samningsaðila um þær leiðir sem færar eru í þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra. Samstarfið felur í sér samvinnu og reglulegt samráð.

### Félagsleg ráðgjöf

Félagsþjónustan hefur lagt áherslu á að félagsleg ráðgjöf verði færð nær notendum og hefur sú þróun haldið áfram. Á árinu bættust við fastir viðverutímar ráðgjafa í Alþjóðahúsi, Árbæjarskóla, Réttarholtsskóla, Breiðholtsskóla og í Félags- og þjónustumiðstöðinni Lindargötu 59.

# Chief Innovations

## Policy

In the annual plan for 2003 emphasis was placed on three major themes as well as on other projects.

These main themes were:

- Emphasizing measures that provide children from families with low socioeconomic status with the same opportunities as more affluent children have, to participate in social activities. Furthermore to provide parents with additional support in their parental role.
- Create new ways to offer services to the increasing elderly population, as well as others who need extensive in-home support outside institutions.
- Find new ways to tackle the housing problem on behalf of those low-income individuals in Reykjavik that are on the waiting list for public housing.

In addition, each district within Reykjavik Social Services' jurisdiction presented a specific goal for that district with emphasis on prevention.

## Improved Services

### Æskufell

On January 30, 2003 a contract was signed between Reykjavik Social Services, Fellaskoli Elementary School, the Reykjavik Education Service Centre and Midberg/ the Sports and Recreation Council of Reykjavik to collectively manage Æskufell; a day-care center for Fellaskoli students. Æskufell is primarily for students in grades 1-4 who need additional personal support than that which is provided at the school or recreation center. There are two employees at Æskufell; both employed part-time.

### A New home for the Homeless

On August 15, a formal contract was entered into with the Samhjalp Foundation pertaining to the management of the Reykjavik Homeless Shelter. The main aim of the shelter is to help those individuals who could not be assisted with more traditional methods in securing a better life. The shelter houses 8 individuals in all, 7 have their own room and one has a small apartment. The shelter is in essence a halfway house with massive support.

### Increased Services for Children with Special Needs

On December 19, Reykjavik Social Services, the State Social Security Institute and Midgard Centre entered into contract providing additional services for children with special needs. The aim is to increase the knowledge and understanding of the needs of these children and increase the cooperation between these three parties in providing better services for these children and their families. This collaboration is built on both collaboration and regular meetings.

## Aukin þjónusta við heyrnarskerta einstaklinga

Á haustmánuðum var ráðinn leiðbeinandi í hálft stöðugildi til að liðsinna heyrnarskertum einstaklingum á námskeiðum sem haldin eru í þjónustumiðstöðinni við Vitatorg.

## 14 ný hjúkrunarrými

Í mars var ákveðið að byggja við hjúkrunarheimilið Droplaugarstaði sem Félagsþjónustan rekur. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákvað að verða við tilmælum frá Reykjavíkurborg um að afla heimilda til reksturs hinna nýju hjúkrunarrýma. Stefnt er að því að viðbyggingin verði tilbúin haustið 2004.

## Nýjar þjónustuíbúðir við Þórðarsveig í Grafarholti

Þann 10. júlí var úthlutað 50 nýjum þjónustuíbúðum við Þórðarsveig í Grafarholti. Íbúðirnar við Þórðarsveig eru ekki dæmigerðar þjónustuíbúðir eins og þær eru skilgreindar í dag en stefnt er á að þær verði sambærilegar við aðrar þjónustuíbúðir sem Reykjavíkurborg rekur í framtíðinni. Fært er um allt húsið í hjólastól. Fjórar íbúðir eru gerðar sérstaklega fyrir þá sem bundnir eru hjólastól.

## Húsnæðisvandi tekjulágra leigjenda

Fyrri hluta árs kom út ítarleg skýrsla starfshóps um húsnæðismál, „Þak yfir höfuðið“ með tillögum til úrbóta og aðgerða vegna mikils húsnæðisvanda tekjulágra leigjenda í borginni. Á haustdögum samþykkti félagsmálaráð stefnu í félagslegum húsnæðismálum þeirra Reykvíkinga sem verst eru settir félags- og fjárhagslega.

## Stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar

Hafinn var undirbúningur að stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar á vegum stjórnkerfisnefndar Reykjavíkurborgar. Allir yfirstjórnendur Félagsþjónustunnar komu að þeirri undirbúningsvinnu. Væntanlegar skipulagsbreytingar eru í anda þeirra stefnu sem Félagsþjónustan hefur unnið eftir undanfarin ár þar sem lögð hefur verið áhersla á samþættingu og hverfavæðingu á þjónustuþáttum fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

## Endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

Starfshópur vann á árinu undir stjórn formanns félagsmálaráðs að því að endurskoða reglur um fjárhagsaðstoð m.a. með tilliti til nýrra leiðbeininga félagsmálaráðuneytisins. Í desember var samþykkt að hækka viðmiðunarupphæðir ásamt því að auka aðstoð vegna barna til foreldra sem hafa búið við kröpp kjör til langs tíma.

## Starfshópur um tilhögun sérstakra húsaleigubóta

Þann 1. október ákvað félagsmálaráð að skipa starfshóp sem m.a. átti að koma með tillögur að fyrirkomulagi sérstakra húsaleigubóta. Í hópnum voru félagsmálastjóri, forstöðumaður lögfræðisviðs Félagsþjónustunnar, borgarhagfræðingur og framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf. Hópurinn skilaði af sér tillögum í lok árs 2003.

## Social Counseling

Reykjavik Social Services continues its emphasis on moving social counseling closer to their consumers. In 2003, fixed hours for counselors are now at the Intercultural Center, Arbæjarskoli Elementary School, Rettarholtsskoli Elementary School, Breidholtsskoli Elementary School and the Social Service Center for the Elderly at Lindargata 59.

## Increased Services for the Hearing-Impared

In the fall an instructor was hired part-time to assist hearing-impaired individuals in their courses at Vitatorg Service Center.

## 14 New Nursing Home Beds

In March, the decision was made to expand the nursing home at Droplaugarstadur run by Reykjavik Social Services. The Ministry of Health and Social Security decided to grant Reykjavik City's request to authorize the new beds. The addition is planned to be completed by fall 2004.

## New Full-Service Apartments at Thordarsveigur in Grafarholt

On July 10, fifty new full-service apartments for the handicapped at Thordarsveigur in Grafarholt were allocated. The apartments at Thordarsveigur are not traditional full-service apartments by today's definition, but will be comparable to other full-service apartments in Reykjavik in the future. The building is entirely wheelchair accessible and four apartments are specifically designed for those who are completely wheelchair bound.

## The Housing Problems of Low-Income Renters

In the beginning of the year a comprehensive report from a committee on housing, “A Roof over our Heads”, was published containing suggestions for measures and reforms to the housing problems of low-income renters in the city. In the fall, the Reykjavik Social Council approved a policy on public housing for those who are worst off both socially and financially in Reykjavik.

## Establishing Service Centers in the City´s Neighborhoods

Preparation for the service centers in the city's neighborhoods and under the administration of Reykjavik City has begun. All top-level administrators at Reykjavik Social Services were part of this preparation. The proposed organizational changes are in step with the policies of Reykjavik Social Services over the last years that have emphasized the integration of cross-institutional services for individuals and families; bringing these services out to the neighborhoods.

## Review of Financial Aid Regulations

A committee under the Director of Reykjavik Social Services began to review the financial aid regulations in response to a new direction from the Ministry of Social Affairs. The decision was made in December to increase the income threshold, as well as increase assistance to the parents of children who have lived in impoverished conditions for a long time.

## Kynning og ímynd

### Vefsíðan – 7 erlend tungumál

Á vefsíðu Félagsþjónustunnar var á árinu settur texti á 7 erlendum tungumálum með helstu upplýsingum um þjónustuna.

### Framhaldsskólaverkefni

Félagsþjónustan hefur lagt áherslu á að fá ungt fólk af báðum kynjum til starfa á hinum ýmsu starfsstöðvum sínum. Ákveðið var að kynna sérstaklega starfsemi Félagsþjónustunnar í framhaldsskólum borgarinnar með það að markmiði að vekja athygli á viðamikilli starfsemi hennar og þeim fjölbreyttu starfsmöguleikum sem þar eru. Á árinu var hafið samstarf við tvo framhaldsskóla, Fjölbrautaskólann í Ármúla og Menntaskólann við Sund. Starfsmenn Félagsþjónustunnar voru með kynningar í nokkrum bekkjum á starfseminni. Nemendur fóru í heimsóknir á starfsstaði Félagsþjónustunnar og unnu verkefni.

## Innra starf

### Félagsliðanám

Fyrri hluta árs hófst nám félagsliða fyrir starfsmenn í félagslegri heimaþjónustu og umönnunarstörfum hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík í samvinnu við Eflingu - stéttarfélag og Námsflokka Reykjavíkur. Tilgangur námsins er að styrkja og bæta stöðu þeirra starfsmanna sem sinna einstaklingum sem þurfa sérstaka aðstoð. Námi og kennslu á brautinni er ætlað að auka skilning og þekkingu starfsmanna á þörfum þeirra sem þurfa sérhæfða þjónustu.
Í náminu eru kynntar aðferðir til að greina, skilja og virða þarfir fólks, auk þess sem stefnt er að því að auka lífsgæði þeirra sem þjónustunnar njóta. Mikill áhugi var meðal starfsmanna og bárust um 90 umsóknir um námið. Það voru 55 sem hófu nám á vorönn og munu þeir útskrifast í desember 2004.

### Viðurkenningar til starfsmanna

Árlega veitir félagsmálastjóri einstaklingum og starfshópum viðurkenningar fyrir góðan árangur í starfi. Eftirtaldir fengu viðurkenningu: Félags- og þjónustumiðstöðin í Bólstaðarhlíð, fyrir góða fjárhagsafkomu og góða stjórnun þjónustu og fjármála í stærsta heima- og stuðningsþjónustuhverfi Félagsþjónustunnar. Álfaland, skammtímavistun fyrir fötluð börn, fyrir stöðugleika í starfsmannahaldi og hátt þjónustustig. Samstarfshópur sem unnið hefur að því að bæta þjónustu við ofvirk börn og fjölskyldur þeirra fékk viðurkenningu fyrir samstarf og samþættingu. Borgarhlutaskrifstofan Skúlagötu 21 og félags-og þjónustumiðstöðin Vesturgötu 7 fengu viðurkenningu fyrir gott samstarf innan hverfis. Barnavernd Reykjavíkur fékk viðurkenningu fyrir notendamiðaða þjónustu, „tölum við börnin“.

### Notendaráð félags- og þjónustumiðstöðva Félagsþjónustunnar í Reykjavík

Í framhaldi af breyttum áherslum í félagsstarfi og viðamiklu kynningar- og umræðuátaki við alla hlutaðeigandi voru stofnuð notendaráð í öllum félags- og þjónustumiðstöðvum borgarinnar á árinu. Markmið stofnunar notendaráða er að notendur félagsstarfsins verði virkir þátttakendur í starfseminni og taki þátt í að móta hana í samvinnu við forstöðumenn, verkefnisstjóra, leiðbeinendur og aðra starfsmenn í samræmi við stefnu Félagsþjónustunnar í Reykjavík.

### Committee on Additional Rent Benefits

On October 1st the Reykjavik Social Council decided to appoint a committee to propose the administration of additional rent benefits. On the committee were the Director of Reykjavik Social Services, the director of the legal department at Reykjavik Social Services, an economist and the administrator of Felagsbustad public housing. The committee turned in their report at year end 2003.

## Puplic Relations and Image

### Web Page - 7 foreign Languages

This year, on Reykjavik Social Services' Web Page information on RSS and its services were added in seven foreign languages.

### Secondary Comprehensive School Project

Reykjavik Social Services has placed an emphasis on having young people of both genders work in its various areas. The decision was made to promote Reykjavik Social Services' operation in secondary schools throughout the city with an aim to awaken interest in its expansive operation and its many career opportunities. In 2003, a relationship with two secondary schools began; the Secondary Comprehensive School at Armuli and the Secondary Comprehensive School at Sund. Employees from Reykjavik Social Services held presentations in a few classes. Students also made fieldtrips to areas within Reykjavik Social Services and completed projects.

## Internal Affairs

### Education for Home Helpers

In the beginning of the year a course on social aid was offered to employees of the in-home and care services at Reykjavik Social Services in cooperation with Efling - Trade Union and the Reykjavik Municipal Centre for Adult Education. The goal of the course is to strengthen the position of those employees who care for individuals with special needs.
This instruction is supposed to increase employees' understanding and knowledge of the needs of those individuals that receive specialized services. Methods for analyzing, understanding and respecting people's needs are taught in an attempt to increase the quality of life for consumers. There was a great interest in the course and 90 applications were received. 55 employees began the course and graduate in December 2004.

### Staff Recognition

Yearly, the Director of RSS recognizes individuals and teams for an outstanding job. The following individuals received recognition: the Social Center for the Elderly at Bolstadarhlid for economy and good administration of services and finances in the largest in-home and support service within Reykjavik Social Services; Alfaland, a temporary home for disabled children, for their stability in human resources and a high level of service; The committee to improve services for children with ADHD and their families, for their cooperation and integration. The District Office at Skulagata 21 and the Social Center for the Elderly at Vesturgata 7 received recognition for excellent cooperation within a district. Reykjavik Child Welfare received recognition for their consumer oriented service, "Talk to the Children".

### Þýðing á starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar

Starfsmannastefna Félagsþjónustunnar var þýdd á 3 tungumál, ensku, dönsku og tælensku.

### Starfshópur um málefni erlendra starfsmanna Félagsþjónustunnar

Skipaður var sérstakur starfshópur um málefni erlendra starfsmanna og skilaði hópurinn af sér skýrslu í desember 2003 þar sem m.a. voru kynntar ýmsar hugmyndir og tillögur að útfærslu starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar er snúa sérstaklega að erlendum starfsmönnum.

### Breytt verkaskipting félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar

Á árinu skipaði borgarstjóri starfshóp sem fjallaði um skipulag barnaverndar í Reykjavík og úrbætur á reglum um málsmeðferð barnaverndarmála í Reykjavík. Í október samþykkti félagsmálaráð tillögur starfshópsins að breyttri verkaskiptingu félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar. Í framhaldi af þeirri samþykkt hófst vinna stýrihóps undir stjórn félagsmálastjóra um útfærslu á tillögunum. Í árslok var samþykkt félagsmálaráðs enn til umfjöllunar í borgarráði.

## Samstarfsverkefni

Félagsþjónustan tók þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með þjónustustofnunum á fjölskyldusviði Reykjavíkurborgar og fleiri aðilum á árinu 2003. Hér er um að ræða verkefni sem snúa að borginni í heild og verkefni í borgarhlutum og hverfum.

### Hringurinn í Breiðholtið – uppbyggileg leið fyrir börn, foreldra og aðra uppeldisaðila

Fyrri hluta árs hófst verkefnið Hringurinn sem er samstarf milli Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Lögreglunnar í Reykjavík ásamt ýmsum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum í Breiðholti. Hringurinn er leið til að taka á afbrotum barna þar sem þolandi, gerandi og aðstandendur þeirra vinna saman. Fyrirmyndin kemur frá Miðgarði í Grafarvogi.

### Hópastarf fyrir 15-16 ára stráka í Réttarholtsskóla

Fyrri hluta árs bauð borgarhlutaskrifstofan við Suðurlandsbraut 32 upp á hópastarf fyrir stráka einu sinni í viku í samstarfi við ÍTR. Meginmarkmið hópsins var að kynna fyrir þátttakendum nýjar og skemmtilegar tómstundir. Einnig var boðið upp á fræðslu fyrir foreldrana þar sem þeir voru m.a. fræddir um unglingsárin.

### Stuðningshópur í borgarhluta 3

Borgarhlutaskrifstofan í Álfabakka bauð upp á stuðningshóp fyrir þá sem hafa tekið þátt í Grettistaki. Áhersla var lögð á að vinna með sjálfsmyndina, félagslega færni og tengsl.

### Consumer Councils in the Social Service Centers

A consumer council was created in all Social Service Centers this year in conjunction with the changing emphasis on community work and the extensive PR and dialogue campaign. The aim of this council is for consumers to participate in the administration and shaping of the centers in cooperation with the administrators, project leaders, instructors and other staff. A plan that is harmonious with the policies of Reykjavik Social Services.

### Translating the Reykjavík Social Services´ Employee Plan

The Reykjavik Social Services' Employee Plan has been translated into three languages; English, Danish and Thai.

### Committee on the Issues of Foreign Employees

A committee was created to deal with issues concerning foreign employees. The committee turned in a report in December 2003 in which various ideas were proposed to expand Reykjavik Social Services' Employee Plan in areas that effect foreign employees.

### Organizational Changes at the Social Council and Child Welfare Agency

The mayor appointed a committee to discuss the organization of the Reykjavik Child Welfare Agency as well as improvements to regulations on procedures in child welfare cases. In October, the Social Council accepted the committee's proposal of organizational changes within the Social Council and the Child Welfare Council. In continuation of this proposal, a team under the Director of Reykjavik Social Services began work on the aspects of its implementation. At the end of the year, the Social Council's proposal was still being deliberated in the city council.

## Collaborative projects

Reykjavik Social Services participated in many collaborative projects with other institutions that provide services for families in Reykjavik. These include projects for the city as a whole as well as projects for specific neighborhoods.

### Hringurinn in Breidholt – A Constructive Course of Action for Children, Parents and Other Child Care Providers

In the beginning of the year, the project Hringurinn began as a collaboration between Reykjavik Social Services, The Reykjavik Police as well as other companies, institutes and organizations in Breidholt. Hringurinn is a course of action to take when dealing with children's misdemeanors in which the perpetrator, victim and their families work together. This is based on the prototype at Midgard in Grafarvogur.

### Group Work for 15-16 Year Old Boys at Rettarholtsskoli Elementary school

In the beginning of the year the District Office at Sudurlandsbraut 32 offered boys to meet once a week in collaboration with the Sport and Recreation Council. The main aim of the group was to present new and fun hobbies to the participants. Instruction about the teenage years was also offered to parents.

## Ábyrgir feður

Þann 7. nóvember var gerður þjónustusamningur milli Félagsþjónustunnar og Félags ábyrgra feðra. Félagsþjónustan leggur til húsnæði og búnað fyrir starfsemi félagsins og er þar aðstaða til fundahalda, fræðslu og viðtala.

## Róda hjá Félagsþjónustunni

Þann 8. desember var undirritaður þjónustusamningur milli Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Róda, félags sem þjónustar börn alkóhólista, um aðstöðu í húsnæði Félagsþjónustunnar í Furugerði 1.

# Rannsóknir/kannanir/verkefni

## Samstarf við aðra um rannsóknir:

**Evrópsk rannsókn á heimaþjónustu við aldraða.**
Félagsþjónustan hefur fyrir Íslands hönd tekið þátt í rannsókn á heimaþjónustu við aldraða ásamt 11 öðrum Evrópulöndum. Markmiðið er að nýta niðurstöður rannsóknarinnar til að skilgreina hvernig best verði staðið að heimaþjónustu við þennan aldurshóp. Á Íslandi er rannsóknin samvinnuverkefni Heilsugæslunnar í Reykjavík, öldrunarsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss og Félagsþjónustunnar.

**Rannsókn á félagslegri stöðu ungmenna sem eru ekki í framhaldsskóla.**
Unnin í samvinnu við Áfengis- og vímuvarnarráð, ÍTR og Rauða kross Íslands. Rannsókn og greining sá um framkvæmdina.
Markmið rannsóknarinnar var að skoða aðstæður fólks á aldrinum 16 – 19 ára sem ekki er í framhaldsskóla og bera þeirra aðstæður saman við aðstæður þeirra sem eru í námi.

**Viðhorfskönnun meðal þeirra sem fá heimsendan mat frá Félagsþjónustunni í Reykjavík.**
Verkefni nemahóps í Tækniháskóla Íslands, unnið í samvinnu við Félagsþjónustuna. Alls voru 90% þátttakenda mjög eða frekar ánægðir með matinn.

**Verkefni félagsráðgjafanema í starfsnámi hjá Félagsþjónustunni:**

- **Fjölskylduþjónustan Lausn: Langtíma árangur meðferðar.** Notendur Félagsþjónustunnar í Reykjavík og notendaráð: viðhorf notenda til þjónustu fyrir börn sín.
- **Samanburðarrannsókn á vinnu með málefni 6-12 ára barna hjá Barnavernd Reykjavíkur 1999 og 2002.**
- **Einstakt tækifæri – úttekt á viðhorfum þátttakenda í Kvennasmiðjunni.**
- **Notagildi samkomulags um félagslega ráðgjöf.** Viðhorf starfsmanna til notagildis samkomulags um félagslega ráðgjöf hjá borgarhlutunum þremur, Miðgarði og Vesturgarði.

**Nýsköpunarsjóðsverkefni**
Könnun á nýju úrræði, Stuðningnum heim, sem á að leiðbeina fjölskyldum við uppeldi og umönnun barna og styrkja þær í foreldrahlutverkinu. Könnunin var þríþætt, unnið var upp úr fyrirliggjandi gögnum, gerð megindleg rannsókn sem náði til tilvísunaraðila og eigindleg rannsókn sem náði til notenda og starfsmanna.

**Þak yfir höfuðið**
Skýrsla um stefnu í uppbyggingu leiguhúsnæðis í Reykjavík.

## Support Group in District 3

The District Office at Alfabakki offered a support group for those individuals that participated in Grettistak. Emphasis was placed on working with self esteem, social skills and relationships.

## Responsible Fathers

On November 7th a service contract was created between Reykjavik Social Services and the Association of Responsible Fathers. Reykjavik Social Services provides housing and other equipment for the association which includes a place for meetings, instruction and counseling.

## Roda at Reykjavík Social Services

On December 8 a contract was signed between Reykjavik Social Services and Roda, an association for children of alcoholics. RSS provides accommodation for the group in their building at Furugerdi 1.

# Research/Surveys/Projects

## Research in Collaboration with Others:

**Inter-European Research on In-Home Services for the Elderly**
Reykjavik Social Services, on behalf of Iceland, has participated in a study on in-home services for the elderly with 11 European countries. The goal of the study is to define the best methods in providing in-home services for this age group. In Iceland this study is based on the cooperation between Reykjavik Health Care Services, The Geriatric Department at Landspitali University Hospital and Reykjavik Social Services.

**A Study on the Social Status of Youths that are not Enrolled in a Secondary School**
This study is conducted in co-operation with the Alcohol and Drug Abuse Prevention Council, the Sport and Recreation Council and Red Cross Iceland. The Icelandic Center for Social Research and Analysis conducted the research. The aim of the study was to analyze the status of individuals aged 16-19 that are not enrolled in a secondary school and compare them with the status of those enrolled in school.

**Survey of Consumers that Receive In-Home Food Services from Reykjavik Social Services**
This was a project conducted by students at the Technical University of Iceland in cooperation with Reykjavik Social Services. The study concluded that 90% of participants were very or somewhat satisfied with the food recieved.

## Málþing/fundir

Haldinn var fundur samtaka félagsmálastjóra í stórborgum Norðurlandanna í Ráðhúsi Reykjavíkur 6.-9. ágúst. Félagsmálastjórinn í Reykjavík var gestgjafi. Helstu umfjöllunarefni fundarins voru málefni tengd börnum og fjölskyldum, reynslan af hverfavæðingu, samvinnu, samruna og samþættingu þjónustu á Norðurlöndunum og fyrirhuguð hverfavæðing hérlendis og nýbreytni í endurhæfingu.

Í október var haldin málstofa um Kvennasmiðjuna fyrir starfsmenn Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Allir aðilar sem koma að kennslu í Kvennasmiðjunni kynntu verkefni sín, sem og fulltrúar nemenda.

Ráðstefna á vegum Ísforsa með þátttöku Félagsþjónustunnar og fleiri aðila. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Búa börn á Íslandi við fátækt? Örbirgð eða allsnægtir. Fyrirlesarar voru m.a. frá Félagsþjónustunni í Reykjavík.

## Samstarf við Háskóla Íslands

Félagsþjónustan hefur lagt mikla áherslu á samstarf við námsbraut í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hér má nefna, kostun á lektorsstöðu í félagsráðgjöf, starfsþjálfun nema í félagsráðgjöf á hinar ýmsu starfsstöðvar Félagsþjónustunnar, árlegur styrkur fyrir karlmann til náms í félagsráðgjöf. Aukning hefur orðið á því að nemar Háskólans leiti eftir ráðum og handleiðslu hjá starfsfólki Félagsþjónustunnar vegna ýmissa verkefna sem þeir vinna. Einnig hafa starfsmenn kennt á hinum ýmsu námskeiðum innan Háskólans og hjá Endurmenntun.

**Projects from Social Work Students Who Were Interned at Reykjavik Social Services:**

- **Family Center Solutions: the Long-Term Results of Therapy**
  Consumers of Reykjavik Social Services' and the Consumer Council: Attitude towards Services for their Children.
- **A Comparison of Case Procedures for Children Aged 6-12 at the Reykjavik Child Welfare Agency 1999 and 2002**
- **A Unique Opportunity – A Survey of Participants in the Women's Workshop.**
- **The Utility of Contracts for Social Counseling**
  Survey of Employees on the Utility of the Contract for Social Counseling in the Three Districts, Midgardur and Vesturgardur.

**The Icelandic Student Innovation Fund Projects**
This was a survey of a new program, Bring the Support Home, which aims to instruct families on child rearing skills and strengthen parents in their parental role. The survey was threefold; based on existing data, a questionnaire for referring counselors and qualitative interviews with consumers and staff.

**A Roof over our heads**
A report on the policies to improve the house-renting landscape in Reykjavik.

## Forum/Conventions/Meetings:

The Meeting of the Association of Directors of Social Services in major Nordic Cities was held at Reykjavik Town Hall August 6th-9th The Director of Reykjavik Social Services hosted the meeting. The main focus of the meeting was on issues related to children and families, experiences of bringing services into the neighborhoods, collaborations, cooperation and integration of services in the Nordic countries and the proposed changes here in Iceland along with new innovations in rehabilitation.

In October a Forum on the Women's Workshop was held for Reykjavik Social Services' staff.

The ISFORSA convention in cooperation with Reykjavik Social Services and others, the theme of the convention was Are Icelandic Children Impoverished? Destitution or Abundance

## Collaboration with the University of Iceland

Reykjavik Social Services has placed great emphasis on collaborating with the Social Work Department at the University of Iceland. This includes contributing to the placement of a Lecturer in Social Work, internship for students in the many placements throughout Reykjavik Social Services, a yearly grant for male students in the Social Work Department. There has been an increase in university students seeking advice and mentoring on various projects from Reykjavik Social Services' staff. In addition, some staff members have taught courses at both the University and the Department of Continuing Education.




# Þjónusta

Félagsþjónustan í Reykjavík veitir borgarbúum margþætta þjónustu. Má þar nefna ráðgjöf og stuðning við fjölskyldur og einstaklinga, búsetuþjónustu við alla aldurshópa, barnavernd, stuðning við fólk í heimahúsum, félagsstarf, fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur. Tölulegar upplýsingar um þjónustu sem veitt er á grundvelli hverfaskiptingar eru unnar út frá borgahlutaskiptingu sem borgarráð samþykkti í október 2001.

Borgarhlutaskrifstofur ráðgjafarsviðs, sem eru þrjár og Vesturgarður, taka á móti öllum umsóknum sem berast til Félagsþjónustunnar, meta þörf, forgangsraða, veita ráðgjöf og margþætta þjónustu.

Félags- og þjónustumiðstöðvar þjónustusviðs sjá m.a. um að veita heimaþjónustu og stoðþjónustu af ýmsu tagi inn á heimili borgarbúa, byggt á mati á þörf sem fer fram á ráðgjafarsviði. Auk þess eru þær vettvangur félagsstarfs, námskeiðahalds, matarþjónustu o.fl. Félags- og þjónustumiðstöðvarnar eru staðsettar í þeim sex borgarhverfum sem Félagsþjónustan í Reykjavík sinnir.

**Fjöldi heimila sem fær þjónustu hjá Félagsþjónustunni**
*- Skipting eftir eðli þjónustu*

| Þjónusta | Fjöldi heimila 2003 |
|---|---|
| Húsaleigubætur | 4.793 |
| Heimaþjónusta | 3.458 |
| Fjárhagsaðstoð | 3.354 |
| Viðbótarlán | 1.641 |
| Félagsstarf | 1.513 |
| Ráðgjöf | 1.295 |
| Barnavernd Reykjavíkur | 1.294 |
| Matur í félagsmiðstöðvum | 1.015 |
| Lán | 370 |
| Liðveisla | 208 |
| Húsnæðisúthlutanir | 184 |
| Tilsjón/persónuleg ráðgjöf | 91 |
| Stuðningsfjölskylda | 84 |
| **Fjöldi heimila alls*** | **13.750** |

*27% heimilanna fá fleiri en eina tegund þjónustu

Til viðbótar þeirri þjónustu sem greint er frá í töflunni hér að ofan fá 948 heimili heimsendan mat, en skörun þeirrar þjónustu við aðra þjónustuþætti er óþekkt.

## Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt vegna framfærslu einstaklinga og fjölskyldna. Rétt á fjárhagsaðstoð eiga þeir sem eiga lögheimili í Reykjavík og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðstoðin getur verið styrkur eða lán. Fjárhagsaðstoð til einstaklings á árinu gat verið allt að 71.020 kr. á mánuði og 122.400 kr. á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem tekjur vegna barna eru ekki dregnar frá við útreikning fjárhagsaðstoðar. Reiknað er með að tekjur vegna barna, þ.e. barnabætur, meðlög og barnalífeyrir, mæti kostnaði vegna barna.

Alls var veitt fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í 3.354 málum á árinu, samanborið við 3.198 mál árið áður. Fjárhagsaðstoðarmálum fjölgar því um 5% milli 2002 og 2003. Í 358 málum var umsókn um fjárhagsaðstoð synjað, samanborið við 321 mál árið áður og er það fjölgun um 12%.

Alls eru synjanir 1.135 hjá Félagsþjónustunni á árinu, þar af 358 í málum þar sem um enga fjárhagsfyrirgreiðslu er að ræða. Algengast er að synjað sé umsóknum um styrk vegna sérstakra erfiðleika, lán/styrk til greiðslu skulda, almenna fjárhagsaðstoð, sérfræðiaðstoð, námsstyrk, tannlækningar, innritunargjald, húsbúnaðarstyrk og bókakostnað.

**Veitt fjárhagsaðstoð í Reykjavík**
*- Samanburður á fjölda notenda sl. 3 ár*

| | Árið 2001 | Árið 2002 | Árið 2003 |
|---|---|---|---|
| Félagsþjónustan | 2.625 | 3.198 | 3.354 |
| Miðgarður | 355 | 402 | 448 |
| **Samtals*** | **2.980** | **3.600** | **3.802** |

*Hér eru meðtalin hjá Félagsþjónustunni 13 heimili sem Barnavernd Reykjavíkur veitti fjárhagsaðstoð, en engin fjárhagsaðstoðarfyrirgreiðsla var á borgarhlutaskrifstofu.

**Tegund fjárhagsaðstoðar frá Félagsþjónustunni**
*- Fjöldi mála – skipting eftir borgarhlutum*

| Tegund fjárhagsaðstoðar | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|
| Framfærslustyrkur | 557 | 246 | 598 | 832 | 2.233 |
| Styrkur vegna sérst. erfiðleika | 284 | 106 | 364 | 268 | 1.022 |
| Innritunargjöld og bókastyrkur | 100 | 43 | 179 | 224 | 546 |
| Framfærsla vegna náms | 84 | 39 | 129 | 192 | 444 |
| Tannlæknastyrkur | 79 | 25 | 108 | 160 | 372 |
| Sérfræðiaðstoð | 65 | 53 | 64 | 89 | 271 |
| Ýmis kostnaður v. meðferðarvinnu | 19 | 28 | 59 | 98 | 204 |
| Styrkir til greiðslu skulda | 11 | 35 | 63 | 56 | 165 |
| Trygging vegna húsaleigu | 45 | 22 | 36 | 57 | 160 |
| Húsbúnaðarstyrkur | 12 | 10 | 29 | 32 | 83 |
| Aðstoð vegna barna | 5 | 9 | 19 | 43 | 76 |
| Leikskólagjöld | 3 | 3 | 30 | 37 | 73 |
| Útfararstyrkur | 8 | 5 | 19 | 11 | 43 |
| Áfallaaðstoð | 5 | 2 | 0 | 2 | 9 |
| Framlag v. lengdrar viðveru í skólum | 2 | 0 | 5 | 1 | 8 |
| Framfærsluláni breytt í styrk | 0 | 0 | 6 | 1 | 7 |
| Annað | 0 | 0 | 5 | 6 | 11 |

Algengt er að notandi fái fleiri en eina tegund fjárhagsaðstoðar.

**Tegund fjárhagsaðstoðar frá Félagsþjónustunni**



## Fjöldi fjárhagsaðstoðarmála, samanburður milli ára
*- Skipting eftir borgarhlutum*

| | Árið 2002 | Árið 2003 |
|---|---|---|
| Borgarhluti 1 | 1.088 | 1.172 |
| Hlutfall | 30,4% | 30,9% |
| Borgarhluti 2 | 963 | 983 |
| Hlutfall | 26,9% | 25,9% |
| Borgarhluti 3 | 1.122 | 1.186 |
| Hlutfall | 31,4% | 31,3% |
| Miðgarður | 402 | 448 |
| Hlutfall | 11,2% | 11,8% |
| **Samtals** | **3.575** | **3.789** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** |

**Fjöldi fjárhagsaðstoðarmála**
**– Samanburður milli ára, skipting eftir borgarhlutum**




## Fjárhagsaðstoð, samanburður milli borgarhluta
*- Skipting eftir aldri notenda*

| | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17-19 ára | 33 | 21 | 57 | 84 | 34 | 229 |
| Hlutfall | 4,2% | 5,5% | 5,8% | 7,1% | 7,6% | 6,0% |
| 20-29 ára | 275 | 128 | 371 | 471 | 165 | 1.410 |
| Hlutfall | 34,9% | 33,2% | 37,7% | 39,7% | 36,8% | 37,2% |
| 30-39 ára | 189 | 103 | 223 | 297 | 119 | 931 |
| Hlutfall | 24,0% | 26,8% | 22,7% | 25,0% | 26,6% | 24,6% |
| 40-49 ára | 154 | 79 | 187 | 189 | 96 | 705 |
| Hlutfall | 19,6% | 20,5% | 19,0% | 15,9% | 21,4% | 18,6% |
| 50-59 ára | 87 | 30 | 86 | 88 | 24 | 315 |
| Hlutfall | 11,1% | 7,8% | 8,7% | 7,4% | 5,4% | 8,3% |
| 60-66 ára | 20 | 15 | 28 | 28 | 6 | 97 |
| Hlutfall | 2,5% | 3,9% | 2,8% | 2,4% | 1,3% | 2,6% |
| 67 ára og eldri | 29 | 9 | 31 | 29 | 4 | 102 |
| Hlutfall | 3,7% | 2,3% | 3,2% | 2,4% | 0,9% | 2,7% |
| **Samtals** | **787** | **385** | **983** | **1.186** | **448** | **3.789** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Fjárhagsaðstoð
– Skipting eftir aldri notenda



## Fjárhagsaðstoð, samanburður milli borgarhluta
*- Skipting eftir fjölskyldugerð notenda*

| Fjölskyldugerð | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 14 | 25 | 52 | 67 | 26 | 184 |
| Hlutfall | 1,8% | 6,5% | 5,3% | 5,6% | 5,8% | 4,9% |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 26 | 15 | 35 | 44 | 4 | 124 |
| Hlutfall | 3,3% | 3,9% | 3,6% | 3,7% | 0,9% | 3,3% |
| Einstæðir foreldrar | 108 | 122 | 277 | 458 | 227 | 1.192 |
| Hlutfall | 13,7% | 31,7% | 28,2% | 38,6% | 50,7% | 31,5% |
| Einhleypir karlar | 443 | 153 | 408 | 414 | 119 | 1.537 |
| Hlutfall | 56,3% | 39,7% | 41,5% | 34,9% | 26,6% | 40,6% |
| Einhleypar konur | 196 | 70 | 211 | 203 | 72 | 752 |
| Hlutfall | 24,9% | 18,2% | 21,5% | 17,1% | 16,1% | 19,8% |
| **Samtals** | **787** | **385** | **983** | **1.186** | **448** | **3.789** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Fjárhagsaðstoð
– Skipting eftir fjölskyldugerð notenda




## Fjárhagsaðstoð, samanburður milli borgarhluta
*- Skipting eftir atvinnustöðu notenda*

| Atvinnustaða | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnulaus* | 374 | 146 | 386 | 450 | 140 | 1.496 |
| Hlutfall | 47,5% | 37,9% | 39,3% | 37,9% | 31,3% | 39,5% |
| Öryrki | 137 | 74 | 193 | 189 | 107 | 700 |
| Hlutfall | 17,4% | 19,2% | 19,6% | 15,9% | 23,9% | 18,5% |
| Nemi | 87 | 50 | 124 | 189 | 61 | 511 |
| Hlutfall | 11,1% | 13,0% | 12,6% | 15,9% | 13,6% | 13,5% |
| Í launaðri vinnu | 77 | 61 | 135 | 168 | 63 | 504 |
| Hlutfall | 9,8% | 15,8% | 13,7% | 14,2% | 14,1% | 13,3% |
| Sjúklingur | 77 | 38 | 97 | 134 | 65 | 411 |
| Hlutfall | 9,8% | 9,9% | 9,9% | 11,3% | 14,5% | 10,8% |
| Ellilífeyrisþegi | 29 | 9 | 31 | 29 | 4 | 102 |
| Hlutfall | 3,7% | 2,3% | 3,2% | 2,4% | 0,9% | 2,7% |
| Heimav./annað | 6 | 7 | 17 | 27 | 8 | 65 |
| Hlutfall | 0,8% | 1,8% | 1,7% | 2,3% | 1,8% | 1,7% |
| **Samtals** | **787** | **385** | **983** | **1.186** | **448** | **3.789** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

*Atvinnulausir skiptast þannig eftir rétti til bóta að 24,3% heildarhópsins hafa ekki bótarétt en 14,6% hafa bótarétt.

Fjárhagsaðstoð
– Skipting eftir atvinnustöðu notenda



**Fjöldi mánaða á ári sem fjárhagsaðstoð er veitt frá Félagsþjónustunni**
*- Samanburður milli borgarhluta og áranna 2002 og 2003*

| Fjöldi mánaða | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Árið 2003 | Árið 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1-3 mánuðir | 392 | 229 | 510 | 577 | 1.708 | 1.702 |
| Hlutfall | 49,8% | 59,5% | 51,9% | 48,7% | 51,1% | 53,6% |
| 4-6 mánuðir | 166 | 69 | 204 | 249 | 688 | 625 |
| Hlutfall | 21,1% | 17,9% | 20,8% | 21,0% | 20,6% | 19,7% |
| 7-9 mánuðir | 76 | 40 | 110 | 151 | 377 | 404 |
| Hlutfall | 9,7% | 10,4% | 11,2% | 12,7% | 11,3% | 12,7% |
| 10-12 mánuðir | 153 | 47 | 159 | 209 | 568 | 442 |
| Hlutfall | 19,4% | 12,2% | 16,2% | 17,6% | 17,0% | 13,9% |
| **Samtals** | **787** | **385** | **983** | **1.186** | **3.341** | **3.173** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Fjöldi mánaða árið 2003 sem fjárhagsaðstoð er veitt




Heimili sem fengu fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í 12 mánuði á árinu voru 315 eða 9,4% þeirra heimila sem fengu fjárhagsaðstoð.

## Húsaleigubætur

Þeir sem leigja íbúðarhúsnæði þar sem þeir eiga lögheimili og eru undir ákveðnum tekjumörkum eiga rétt á húsaleigubótum, með þeim skilyrðum að þinglýstur húsaleigusamningur til 6 mánaða eða lengri tíma liggi fyrir.

Alls fengu 5.259 heimili greiddar húsaleigubætur á árinu og eru heimili í Grafarvogi þar meðtalin. Mánaðarleg meðalfjárhæð húsaleigubóta á hvert heimili er 12.960 kr. en hámarksbætur á mánuði árið 2003 voru 31.000 kr. Meðalfjárhæð húsaleigubóta á árinu á hvert heimili var 113.346 kr.

**Fjöldi heimila sem fær húsaleigubætur**
*- Skipt eftir borgarhlutum*

| Borgarhluti | Fjöldi heimila | Hlutfall |
|---|---|---|
| Miðbær | 1.091 | 20,7% |
| Vesturbær | 892 | 17,0% |
| Borgarhluti 2 | 1.555 | 29,6% |
| Borgarhluti 3 | 1.255 | 23,9% |
| Grafarvogur | 466 | 8,9% |
| **Samtals** | **5.259** | **100%** |

Fjöldi heimila sem fær húsaleigubætur
– Skipt eftir borgarhlutum



**Húsaleigubætur, samanburður milli borgarhluta**
*- Skipt eftir tegund húsnæðis notenda*

| Tegund húsnæðis | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Almennur markaður | 740 | 390 | 689 | 563 | 139 | 2.521 |
| Hlutfall | 67,8% | 43,7% | 44,3% | 44,9% | 29,8% | 47,9% |
| Félagsbústaðir | 293 | 119 | 306 | 542 | 141 | 1.401 |
| Hlutfall | 29,6% | 13,3% | 19,7% | 43,2% | 30,3% | 26,6% |
| Stúdentagarðar | 16 | 372 | 87 | 20 | 28 | 523 |
| Hlutfall | 1,5% | 41,7% | 5,6% | 1,6% | 6,0% | 9,9% |
| Félagasamtök | 23 | 11 | 391 | 48 | 21 | 494 |
| Hlutfall | 2,1% | 1,2% | 25,1% | 3,8% | 4,5% | 9,4% |
| Sambýli fatlaðra | 15 | 0 | 79 | 48 | 31 | 173 |
| Hlutfall | 1,4% | 0,0% | 5,1% | 3,8% | 6,7% | 3,3% |
| Búseti | 4 | 0 | 1 | 34 | 86 | 125 |
| Hlutfall | 0,4% | 0,0% | 0,1% | 2,7% | 18,5% | 2,4% |
| Félagslegar kaupleiguíbúðir | 0 | 0 | 2 | 0 | 20 | 22 |
| Hlutfall | 0,0% | 0,0% | 0,1% | 0,0% | 4,3% | 0,4% |
| **Samtals** | **1.091** | **892** | **1.555** | **1.255** | **466** | **5.259** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Húsaleigubætur
– Skipt eftir tegund húsnæðis notenda




**Húsaleigubætur, samanburður milli borgarhluta**
*- Skipting eftir fjölskyldugerð notenda*

| Fjölskyldugerð | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 45 | 98 | 103 | 87 | 46 | 379 |
| Hlutfall | 4,1% | 11,0% | 6,6% | 6,9% | 9,9% | 7,2% |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 81 | 74 | 82 | 81 | 26 | 344 |
| Hlutfall | 7,4% | 8,3% | 5,3% | 6,5% | 5,6% | 6,5% |
| Einstæðir foreldrar | 139 | 229 | 343 | 441 | 212 | 1.364 |
| Hlutfall | 12,7% | 25,7% | 22,1% | 35,1% | 45,5% | 25,9% |
| Einhleypur karlmaður | 398 | 207 | 479 | 295 | 80 | 1.459 |
| Hlutfall | 36,5% | 23,2% | 30,8% | 23,5% | 17,2% | 27,7% |
| Einhleyp kona | 428 | 284 | 548 | 351 | 102 | 1.713 |
| Hlutfall | 39,2% | 31,8% | 35,2% | 28,0% | 21,9% | 32,6% |
| **Samtals** | **1.091** | **892** | **1.555** | **1.255** | **466** | **5.259** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Húsaleigubætur
– Skipting eftir fjölskyldugerð notenda



**Húsaleigubætur, samanburður milli borgarhluta**
*- Skipting eftir atvinnustöðu notenda*

| Atvinnustaða | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í launaðri vinnu | 434 | 258 | 521 | 499 | 209 | 1.921 |
| Hlutfall | 39,8% | 28,9% | 33,5% | 39,8% | 44,8% | 36,5% |
| Öryrki | 160 | 67 | 501 | 316 | 105 | 1.149 |
| Hlutfall | 14,7% | 7,5% | 32,2% | 25,2% | 22,5% | 21,8% |
| Nemi | 228 | 498 | 229 | 122 | 66 | 1.143 |
| Hlutfall | 20,9% | 55,8% | 14,7% | 9,7% | 14,2% | 21,7% |
| Ellilífeyrisþegi | 161 | 21 | 224 | 132 | 25 | 563 |
| Hlutfall | 14,8% | 2,4% | 14,4% | 10,5% | 5,4% | 10,7% |
| Atvinnulaus | 101 | 40 | 76 | 174 | 57 | 448 |
| Hlutfall | 9,3% | 4,5% | 4,9% | 13,9% | 12,2% | 8,5% |
| Heimavinnandi | 7 | 8 | 4 | 12 | 4 | 35 |
| Hlutfall | 0,6% | 0,9% | 0,3% | 1,0% | 0,9% | 0,7% |
| **Samtals** | **1.091** | **892** | **1.555** | **1.255** | **466** | **5.259** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Húsaleigubætur
– Skipting eftir atvinnustöðu notenda




**Húsaleigubætur, samanburður milli borgarhluta**
*- Skipting eftir aldri notenda*

| Atvinnustaða | Miðbær | Vesturbær | Bhl. 2 | Bhl. 3 | Grafarvogur | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17-19 ára | 18 | 8 | 24 | 26 | 9 | 85 |
| Hlutfall | 1,6% | 0,9% | 1,5% | 2,1% | 1,9% | 1,6% |
| 20-29 ára | 493 | 572 | 476 | 405 | 169 | 2.115 |
| Hlutfall | 45,2% | 64,1% | 30,6% | 32,3% | 36,3% | 40,2% |
| 30-39 ára | 168 | 153 | 287 | 273 | 133 | 1.014 |
| Hlutfall | 15,4% | 17,2% | 18,5% | 21,8% | 28,5% | 19,3% |
| 40-49 ára | 127 | 84 | 245 | 206 | 81 | 743 |
| Hlutfall | 11,6% | 9,4% | 15,8% | 16,4% | 17,4% | 14,1% |
| 50-59 ára | 87 | 40 | 195 | 148 | 36 | 506 |
| Hlutfall | 8,0% | 4,5% | 12,5% | 11,8% | 7,7% | 9,6% |
| 60-66 ára | 37 | 14 | 104 | 65 | 13 | 233 |
| Hlutfall | 3,4% | 1,6% | 6,7% | 5,2% | 2,8% | 4,4% |
| 67 ára og eldri | 161 | 21 | 224 | 132 | 25 | 563 |
| Hlutfall | 14,8% | 2,4% | 14,4% | 10,5% | 5,4% | 10,7% |
| **Samtals** | **1.091** | **892** | **1.555** | **1.255** | **466** | **5.259** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Húsaleigubætur
– Skipting eftir aldri notenda



## Húsnæðismál

Verkefni Félagsþjónustunnar á sviði húsnæðismála eru víðtæk. Má þar nefna upplýsingagjöf og ráðgjöf um húsnæðismál, móttöku umsókna um viðbótarlán og úthlutun þeirra, móttöku umsókna um félagslegt leiguhúsnæði og úthlutun þess, móttöku umsókna um þjónustuíbúðir og hjúkrunarrými í eigu Reykjavíkurborgar og úthlutun.

Félagsþjónustan er í samstarfi við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og fleiri varðandi úthlutun ýmissa sértækra húsnæðisúrræða.

### Viðbótarlán

Viðbótarlán eru lán til íbúðakaupa á vegum sveitarfélaga og eru þau veitt þeim sem uppfylla ákveðin skilyrði um greiðslugetu, tekju- og eignarmörk. Lánin koma til viðbótar við húsbréfalán og geta numið allt að 25% af íbúðarverði. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs má þó aldrei fara yfir 90% af íbúðarverði, að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga.

**Fjöldi og upphæð samþykktra og afgreiddra umsókna um viðbótarlán**

| | Fjöldi | Upphæð |
|---|---|---|
| Samþykkt lán | 1.911 | 4.137.322.698 |
| Afgreidd lán | 1.656 | 3.321.008.772 |

Af þeim sem fengu samþykki fyrir viðbótarláni keyptu 85% húsnæði.

**Fjöldi umsókna um viðbótarlán**

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Umsókn samþykkt | 1.911 | 95,3% |
| Umsókn synjað | 94 | 4,7% |
| **Samtals** | **2.005** | **100%** |

**Fjöldi umsókna um viðbótarlán**
*- Skipting eftir fjölskyldugerð umsækjenda*

| | Umsókn samþykkt | % | Umsókn hafnað | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 380 | 19,9% | 15 | 16,0% | 395 | 19,7% |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 280 | 14,7% | 22 | 23,4% | 302 | 15,1% |
| Einstæðir foreldrar | 485 | 25,4% | 16 | 17,0% | 501 | 25,0% |
| Einhleypir karlar | 392 | 20,5% | 26 | 27,7% | 418 | 20,8% |
| Einhleypar konur | 374 | 19,6% | 15 | 16,0% | 389 | 19,4% |
| **Samtals** | **1.911** | **100%** | **94** | **100%** | **2.005** | **100%** |

**Fjöldi umsókna um viðbótarlán**
*- Skipting eftir aldri umsækjenda*

| | Umsókn samþykkt | % | Umsókn hafnað | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 18-19 ára | 19 | 1,0% | 0 | 0,0% | 19 | 0,9% |
| 20-29 ára | 1.114 | 58,3% | 38 | 40,4% | 1.152 | 57,5% |
| 30-39 ára | 470 | 24,6% | 23 | 24,5% | 493 | 24,6% |
| 40-49 ára | 186 | 9,7% | 18 | 19,1% | 204 | 10,2% |
| 50-59 ára | 84 | 4,4% | 12 | 12,8% | 96 | 4,8% |
| 60-66 ára | 25 | 1,3% | 1 | 1,1% | 26 | 1,3% |
| 67 ára og eldri | 13 | 0,7% | 2 | 2,1% | 15 | 0,7% |
| **Samtals** | **1.911** | **100%** | **94** | **100%** | **2.005** | **100%** |

## Félagslegar leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir eru fyrir þá sem ekki eru færir um að sjá sér og sínum fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði eða annarra félagslegra aðstæðna. Félagsbústaðir hf. eiga íbúðirnar og sjá um gerð leigusamninga, innheimtu og viðhald. Félagslegar leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða hf. voru um síðustu áramót 1.547, þar af 50 þjónustuíbúðir í Þórðarsveig 1, 3 og 5 þar sem úthlutað var bæði af biðlista eftir félagslegum leiguíbúðum og biðlista eftir þjónustuíbúðum. Einnig eru 69 þjónustuíbúðir á Lindargötu 57-63 í eigu Félagsbústaða. Félagsþjónustan og Miðgarður annast greiningu og forgangsröðun umsókna samkvæmt sérstakri stigagjöf og úthlutun íbúðanna.

**Fjöldi umsókna og úthlutana í félagslegt leiguhúsnæði í eigu Félagsbústaða**

| | Félagsþjónustan | Miðgarður | Alls |
|---|---|---|---|
| Fjöldi umsókna á biðlista í árslok | 922 | 100 | 1.022 |
| Umsóknir sem bárust á árinu | 694 | 116 | 810 |
| Úthlutanir á árinu | 184 | 24 | 208 |

Umsóknir í bið í lok árs 2003 voru 16% fleiri en árið 2002. Úthlutunum fjölgaði um 27% milli ára 2002 og 2003.

**Biðlisti í árslok, eftir stærð íbúða**

| Stærð íbúðar | fjöldi 2002 | % | fjöldi 2003 | % |
|---|---|---|---|---|
| Eins til tveggja herb. | 559 | 63% | 613 | 60% |
| Þriggja herb. | 211 | 24% | 251 | 25% |
| Fjögurra herb. | 111 | 13% | 158 | 15% |
| **Samtals** | **881** | **100%** | **1.022** | **100%** |

**Fjöldi úthlutana eftir stærð íbúða**
*- Samanburður árin 2002 og 2003*

| Stærð íbúðar | fjöldi 2002 | % | fjöldi 2003 | % |
|---|---|---|---|---|
| Eins til tveggja herb. | 72 | 44% | 96 | 46% |
| Þriggja herb. | 58 | 35% | 61 | 29% |
| Fjögurra herb. | 34 | 21% | 51 | 25% |
| **Samtals** | **164** | **100%** | **208** | **100%** |

**Biðtími eftir úthlutun**
*- Samanburður milli ára og eftir stærð íbúða*

| | 1-2 herb. 2002 | 1-2 herb. 2003 | 3 herb. 2002 | 3 herb. 2003 | 4 herb. 2002 | 4 herb. 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Meðalbiðtími í mán. | 26 | 21 | 20 | 23 | 15 | 17 |
| Skemmstur biðtími í mán. | 1 | 0 | 4 | 7 | 3 | 3 |
| Lengstur biðtími í mán. | 85 | 71 | 46 | 44 | 40 | 47 |

**Milliflutningar í húsnæði í eigu Félagsbústaða**
*- Umsóknir og úthlutanir*

| | Félagsþjónustan | Miðgarður | Alls |
|---|---|---|---|
| Umsóknir á biðlista í árslok | 155 | 17 | 172 |
| Umsóknir sem bárust á árinu | 117 | 19 | 136 |
| Úthlutanir á árinu | 69 | 5 | 74 |

## Þjónustuíbúðir

Aldraðir sem þurfa meiri aðstoð og stuðning en hægt er að fá í heimahús, en eru ekki í þörf fyrir hjúkrunarheimili, geta sótt um þjónustuíbúð. Þar er m.a. boðið upp á heimaþjónustu, sólarhrings vaktþjónustu, öryggishnapp, þrif á sameign, fullt fæði og félagsstarf. Markmið með rekstri þjónustuíbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa og tryggja sjálfstæði þeirra, t.d. hvað varðar fjármál og heimilishald. Þjónustuíbúðirnar eru á 7 stöðum í borginni og eru samtals 382.

**Þjónustuíbúðir aldraðra**
*- Skipting eftir staðsetningu og tegund íbúða*

| | Einstaklingsíbúðir | Hjónaíbúðir | Alls |
|---|---|---|---|
| Dalbraut 21-27 | 46 | 18 | 64 |
| Furugerði 1 | 56 | 14 | 70 |
| Langahlíð 3 | 32 | 1 | 33 |
| Lindargata 57, 61, 64, 66 | 69 | 0 | 69 |
| Norðurbrún 1 | 52 | 8 | 60 |
| Seljahlíð | 31 | 5 | 36 |
| Þórðarsveigur1, 2, 5* | | | 50 |
| **Alls** | **286** | **46** | **382** |

*Íbúðirnar við Þórðarsveig eru ekki flokkaðar í einstaklings- og hjónaíbúðir

**Fjöldi umsókna og úthlutana í þjónustuíbúðir aldraðra**

| | Félagsþjónustan | Miðgarður | Alls |
|---|---|---|---|
| Umsóknir á biðlista í árslok | 346 | 12 | 358 |
| Umsóknir sem bárust á árinu | 153 | 13 | 166 |
| Úthlutanir á árinu | 72 | 2 | 74 |
| Meðalbiðtími í mán. | 21 | 3 | 20 |

## Dvalar- og hjúkrunarrými

Dvalar- og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða er úthlutað á grundvelli vistunarmats. Matshópur aldraðra framkvæmir vistunarmat í Reykjavík. Einnig er vistunarmat framkvæmt á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

### Vistunarmat í Reykjavík

| | |
|---|---|
| Vistunarmat unnið af Landspítala - háskólasjúkrahúsi* | 296 |
| Vistunarmat unnið af matshópi aldraðra | 225 |
| Endurmat unnið af matshópi aldraðra | 156 |
| **Samtals** | **677** |

*Frá 1. jan. - 15. nóv. 2003.

Í 90 tilfellum leiddi umsókn um vistunarmat, sem barst matshópi aldraðra, til annarrar úrlausnar.

### Fjöldi einstaklinga á vistunarskrá 31. desember, eftir því hvort þörf var fyrir vist eða hjúkrun og því hve brýn þörfin var

| | Vist | | Hjúkrun | | Alls | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Mjög brýn þörf | 73 | 65% | 134 | 77% | 207 | 72% |
| Brýn þörf | 13 | 12% | 6 | 3% | 19 | 7% |
| Þörf | 26 | 23% | 34 | 20% | 60 | 21% |
| **Samtals** | **112** | **100%** | **174** | **100%** | **286** | **100%** |

Úthlutanir í hjúkrunarrými í Reykjavík voru 293, samanborið við 291 árið áður. Einstaklingum á vistunarskrá fækkaði um 227 milli ára.

Reykjavíkurborg á og rekur tvö hjúkrunarheimili, Droplaugarstaði og Seljahlíð. Sólarhringsþjónusta er á báðum stöðum og öldrunarlæknaþjónusta.

Droplaugarstaðir er hjúkrunarheimili fyrir 68 heimilismenn. Þar af eru 66 heimilisfastir en 2 í hvíldarplássum 4 vikur í senn. Á heimilinu er sjúkra- og iðjuþjálfun. Starfrækt er hárgreiðslustofa og fótaaðgerðastofa.

Í Seljahlíð eru mismunandi búsetuform fyrir aldraða, hjúkrunardeild, vistdeild og þjónustuíbúðir. Á hjúkrunardeild búa 28 einstaklingar, 14 á vistdeild og 41 býr í þjónustuíbúð. Alls eru 83 íbúar í Seljahlíð.

Félagsstarf og margs konar þjónusta er fyrir íbúa hússins, svo sem matur, böðun, hárgreiðsla, fótsnyrting, sjúkraþjálfun, leikfimi o.fl. Á lóð Seljahlíðar eru 18 sjálfseignaríbúðir með brunavarnarkerfi sem tengist símavakt í þjónustumiðstöð Seljahlíðar. Íbúar þar geta tekið þátt í félagsstarfi Seljahlíðar og fengið ýmsa þjónustu.

## Búseta fyrir fatlaða

**Sjálfstæð búseta fyrir fatlaða**
Félagsþjónustan heldur utan um þjónustu vegna sjálfstæðrar búsetu fatlaðra í 9 íbúðum sem eru í tveimur íbúðakjörnum. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Svæðisskrifstofu Reykjavíkur og Félagsþjónustunnar samkvæmt sérstökum samningi þar um. Íbúðirnar eru í eigu Þroskahjálpar og eru fyrir fatlaða einstaklinga sem þurfa þjónustu til að geta búið sjálfstætt. Veitt er heimaþjónusta, frekari liðveisla og liðveisla út frá einstaklingsbundnum þörfum. Á árinu bjuggu 14 íbúar í íbúðunum, þar af 2 börn. Auk þess var veitt þjónusta í eina eignaríbúð þar sem 2 íbúar bjuggu. Tveir íbúar fluttu inn á árinu.

**Búsetuþjónusta geðfatlaðra**
Félagsþjónustan gerði þjónustusamning við Svæðisskrifstofu Reykjavíkur um Búsetuþjónustu geðfatlaðra árið 2001. Þjónustusamningurinn kveður á um umsjón með 4 íbúðum/ íbúðakjörnum með 29 plássum og stuðningsþjónustu til 6 geðfatlaðra einstaklinga sem búa sjálfstætt. Þjónustan er einstaklingsbundin og sveigjanleg og miðar að því að rjúfa einangrun og hvetja til félagslegrar virkni. Á árinu fluttu 4 íbúar inn.

**Vernduð heimili fyrir geðfatlaða**
Samstarf er milli Félagsþjónustunnar og Landspítala - háskólasjúkrahúss um rekstur 11 verndaðra heimila fyrir geðfatlaða. Á hverju heimili búa 2-5 einstaklingar, 37 íbúar alls. Markmiðið er að rjúfa einangrun og hvetja til félagslegrar virkni og koma í veg fyrir endurinnlagnir. Félagsráðgjafar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi hafa faglega umsjón með endurhæfingu. Íbúarnir fá félagslega heimaþjónustu sem sniðin er að þörfum þeirra. Einnig eiga þeir möguleika á liðveislu og frekari liðveislu. Á árinu bjuggu 44 einstaklingar á heimilunum og 7 þeirra fluttu inn á árinu.

**Stuðningsbýli fyrir heimilislausa**
Samhjálp rekur stoðbýli fyrir heimilislausa samkvæmt sérstökum samningi við Félagsþjónustuna. Á heimilinu er rými fyrir 7-8 einstaklinga sem hver hefur sitt eigið herbergi en önnur aðstaða er sameiginleg. Vakt stuðningsfulltrúa er á heimilinu allan sólarhringinn. Á árinu bjuggu 12 einstaklingar á heimilinu og nýting var 98%.

**Stuðningsheimili**
Heimilið var opnað 15. ágúst og sér Samhjálp um rekstur þess skv. samningi við Félagsþjónustuna í Reykjavík. Hér er um áfangaheimili að ræða fyrir einstaklinga sem hætt hafa áfengis- og vímuefnaneyslu og þarfnast sérstaks stuðnings. Vakt starfsmanna er alla virka daga auk þess sem litið er til með heimilinu utan þess tíma. Á heimilinu er rými fyrir 8 einstaklinga. Á árinu bjuggu 8 einstaklingar á heimilinu og var nýting 92%.

# Ráðgjöf

## Félagsleg ráðgjöf á borgarhlutaskrifstofum

Ráðgjöf við einstaklinga og fjölskyldur miðar að því að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir þeirra sem leita til borgarhlutaskrifstofanna og Vesturgarðs. Einnig veita ráðgjafar upplýsingar um möguleika á þjónustu utan Félagsþjónustunnar og vísa fólki á þau úrræði sem henta hverjum og einum. Markmið ráðgjafarinnar er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu. Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar vegna atvinnuleysis, veikinda, húsnæðisleysis, fjárhagsvanda, fötlunar, öldrunar, málefna útlendinga, málefna barna og ungmenna, fjölskylduvanda og áfengis- og vímuefnavanda.

## Samkomulag um félagslega ráðgjöf

„Samkomulag um félagslega ráðgjöf“, er skriflegt samkomulag þar sem ráðgjafi og notandi setja sameiginlega niður markmið með ráðgjöfinni og leggja sameiginlega mat á árangur við lok samkomulagins.

**Samkomulag um félagslega ráðgjöf**
- Fjöldi notenda og fjöldi samkomulaga, skipting eftir borgarhlutum

| Borgarhluti | Fj. notenda | Fj. samkomulaga |
|---|---|---|
| Miðbær | 250 | 339 |
| Vesturbær | 109 | 154 |
| Borgarhluti 2 | 206 | 268 |
| Borgarhluti 3 | 236 | 285 |
| **Samtals** | **801** | **1.046** |

## Sálfræðileg ráðgjöf

Sálfræðideild starfar innan ráðgjafarsviðs Félagsþjónustunnar. Starfsmenn eru þrír, staðsettir hver á sinni borgarhlutaskrifstofu. Markmið deildarinnar er að nýta sálfræðilega þekkingu til að styrkja starf Félagsþjónustunnar. Megináhersla er lögð á sálfræðiþjónustu við notendur; börn og fullorðna, einstaklinga og fjölskyldur. Til að fá sálfræðiþjónustu þurfa notendur að snúa sér til ráðgjafa síns á borgarhlutaskrifstofunum en einnig eru opnir símatímar hjá sálfræðingi tvisvar í viku.

## Stuðningur vegna ráðgjafar hjá sérfræðingum utan stofnana

Félagsþjónustan greiðir í sumum tilfellum ráðgjöf fyrir notendur hjá sérfræðingum sem stunda einkarekstur, einkum sálfræðingum, en einnig geðlæknum, félagsráðgjöfum og fleiri fagstéttum. Slík sérfræðiaðstoð er kostuð af Félagsþjónustunni þegar hún er hluti af umfangsmeiri félagslegri aðstoð og viðkomandi hefur lágar tekjur eða býr við bágan fjárhag og uppfyllir ákveðin skilyrði reglna um fjárhagsaðstoð. Sérstakar verklagsreglur gilda um þessa þjónustu og annast ráðgjafar á borgarhlutaskrifstofunum og sálfræðingarnir þar milligöngu.

**Fjöldi samninga við sérfræðinga**
*- Samanburður 2001 - 2003*

| | Árið 2001 | Árið 2002 | Árið 2003 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi samninga við sérfr. | 294 | 285 | 240 |

## Fjölskylduþjónustan Lausn, Sólvallagötu 10

Lausn er meðferðar- og ráðgjafarstöð á vegum Félagsþjónustunnar. Boðið er upp á lausnamiðaða fjölskyldumeðferð, stuðning, ráðgjöf og kennslu. Hlutverk þjónustunnar er að styrkja möguleika og krafta einstaklinga innan fjölskyldunnar og að styrkja fjölskylduna í heild til að bæta líf sitt. Fólki er hjálpað við að setja sér markmið og það aðstoðað við að finna leiðir að þeim. Reglulega er gert árangursmat. Þjónustan er opin öllum Reykvíkingum. Á árinu nutu 308 fjölskyldur þessarar þjónustu.

## Fjölskyldumiðstöðin við Barónsstíg

Að Fjölskyldumiðstöðinni standa Félagsþjónustan í Reykjavík, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Markmið með starfrækslu miðstöðvarinnar er að aðstoða fjölskyldur sem eiga í vanda, s.s. vímuefnavanda, samskiptavanda, vanda vegna þverrandi áhuga barna á námi eða vegna barna sem sýna andfélagslega hegðun af einhverju tagi. Þjónusta miðstöðvarinnar er einnig ætluð fjölskyldum ofvirkra og fatlaðra barna.

Þjónusta Fjölskyldumiðstöðvar felst í móttöku- og greiningarviðtölum, fjölskylduráðgjöf og tvískiptu hópastarfi, annars vegar fyrir unglinga og hins vegar fyrir foreldra þeirra, þar sem tilgangurinn er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki og auka skilning unglinga á þroskastöðu sinni.

Á árinu nutu 214 fjölskyldur þjónustunnar með um 320 börn og var aldursdreifing nokkuð jöfn þegar gengið er út frá skiptingu í leikskólaaldur, grunnskólaldur að 12 ára og unglingsaldur að 18 ára. Fjölskyldurnar voru oft samsettar og í um þriðjungi fjölskyldna bjuggu börnin ekki öll á sama heimili.

Viðtöl á Fjölskyldumiðstöð voru 828. Hópastarf var í gangi á fyrri hluta ársins og að hausti voru undirbúningsfundir vegna samvinnu um hópastarf með borgarhlutaskrifstofum, Vesturgarði, Miðgarði og Barnavernd Reykjavíkur.

# Barnavernd

Markmið barnaverndar hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík er að sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtaskilyrða og gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og að ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafi hætta af, eins og segir í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er fyrst og fremst gert með því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Ef foreldrar þurfa stuðning vegna barns síns eða vegna fjölskylduaðstæðna er rétt að snúa sér til viðkomandi borgarhlutaskrifstofu og fá viðtal hjá ráðgjafa. Er þá veittur stuðningur og ráðgjöf á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsþjónustan býður upp á fjölbreytt stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur í þessu skyni.

## Barnavernd Reykjavíkur

Markmið barnaverndar samkvæmt nýjum barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Barnaverndarnefnd ber þannig að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Þegar barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðan sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Þá eru málefni barnsins unnin á grundvelli barnaverndarlaga, m.a. með ráðgjöf um uppeldislegar aðstæður barnanna og beitingu úrræða þegar það á við. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ber ábyrgð á meðferð slíkra mála í Reykjavík. Barnavernd Reykjavíkur, sem er hluti af Félagsþjónustunni í Reykjavík, ber ábyrgð á framkvæmd mála sem unnin eru samkvæmt barnaverndarlögum í borginni.

**Fjöldi mála sem Barnavernd Reykjavíkur hafði til meðferðar og fjöldi mála sem lögð voru fyrir barnaverndarnefnd** *- Samanburður árin 2002 og 2003*

| | Fjöldi barna 2002 | Fjöldi barna 2003 | Fjöldi fjölskyldna 2002 | Fjöldi fjölskyldna 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Mál til meðferðar v/ barna og unglinga | 1.699 | 1.701 | 1.344 | 1.294 |
| Mál sem lögð voru fyrir barnaverndarnefnd | 126 | 182 | 100 | 138 |

**Aldur og kyn barna sem Barnavernd Reykjavíkur hafði til meðferðar**

| Aldur | Drengir | Stúlkur | Samt. |
|---|---|---|---|
| 0-5 ára | 161 | 152 | 313 |
| Hlutfall | 17,5% | 20,9% | 19,0% |
| 6-12 ára | 290 | 233 | 523 |
| Hlutfall | 31,5% | 32,0% | 31,7% |
| 13-18 ára | 469 | 344 | 813 |
| Hlutfall | 51,0% | 47,2% | 49,3% |
| **Samtals** | **920** | **729** | **1.649** |
| **Hlutfall** | **100%** | **100%** | **100%** |

Upplýsingar um aldur og kyn barna eru ekki fyrir hendi í 52 málum þar sem voru veittar umsagnir vegna ættleiðingar, umsagnir um hæfi fósturforeldra og umsagnir vegna umgengnis- eða forsjárdeilna forsjárlausra foreldra sem búa í Reykjavík en börn í öðru umdæmi.

**Fjöldi tilkynninga vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga** *- Skipting eftir tilkynnanda og aldri barna*

| Tilkynnandi | 0-12 ára | 13-18 ára | Samt. |
|---|---|---|---|
| Lögregla | 240 | 765 | 1.005 |
| Almennur borgari | 130 | 52 | 182 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 75 | 55 | 130 |
| Foreldrar – með forsjá | 51 | 76 | 127 |
| Aðrar stofnanir Félagsþjónustunnar | 65 | 53 | 118 |
| Skóli/sérfr.þj. skóla/fræðsluskrifst. | 56 | 51 | 107 |
| Nágrannar/vinir | 72 | 28 | 100 |
| Ættingjar aðrir en foreldrar | 59 | 29 | 88 |
| Foreldrar – ekki með forsjá | 56 | 22 | 78 |
| Önnur barnav.nefnd/félagsþj. | 25 | 12 | 37 |
| Leikskóli/dagmóðir | 17 | 0 | 17 |
| Stuðlar/meðferðarh./aðrar stofn. Barnaverndarstofu | 2 | 11 | 13 |
| Héraðsd./sýslum./dómsmálaráðun. | 1 | 9 | 10 |
| Barn/ungm. leitaði sjálft til bvn. | 0 | 4 | 4 |
| Aðrir | 8 | 4 | 12 |
| **Fjöldi tilkynninga alls** | **857** | **1.171** | **2.028** |
| Fjöldi barna | 496 | 587 | 1.083 |
| Fjöldi heimila | 361 | 558 | 859 |

Í málum 64% barna sem fengu aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga barst tilkynning.



**Fjöldi tilkynninga vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga** - *Skipting eftir ástæðu tilkynningar og aldri barna*

| Ástæður tilkynninga | 0-12 ára | 13-18 ára | Samt. |
|---|---|---|---|
| Grunur um afbrot barns | 31 | 434 | 465 |
| Grunur um vanrækslu barns | 280 | 110 | 390 |
| Grunur um áfengis-/vímuefnaneyslu foreldra | 237 | 75 | 312 |
| Barn stefndi eigin heilsu og þroska í hættu | 15 | 168 | 183 |
| Grunur um neyslu barns á áfengi eða vímuefnum | 1 | 181 | 182 |
| Grunur um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi | 57 | 47 | 104 |
| Grunur um að barn sé beitt líkamlegu ofbeldi | 52 | 47 | 99 |
| Heimilisófriður | 48 | 19 | 67 |
| Veikindi foreldra | 51 | 10 | 61 |
| Erfiðleikar barns í skóla /skólasókn áfátt | 18 | 24 | 42 |
| Deilur foreldra vegna barns | 26 | 2 | 28 |
| Grunur um að barn hafi beitt annað barn ofbeldi | 7 | 21 | 28 |
| Grunur um að barn sé beitt andlegu ofbeldi | 20 | 8 | 28 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | 3 | 0 | 3 |
| Annað | 11 | 25 | 36 |
| **Fjöldi tilkynninga alls** | **857** | **1.171** | **2.028** |
| Fjöldi barna | 496 | 587 | 1.083 |
| Fjöldi heimila | 361 | 558 | 859 |

Fleiri en ein tilkynning barst vegna 35,8% barnanna.

## Bakvakt

Bakvakt vegna barnaverndarmála er starfrækt alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar er ákveðið í samráði við tilkynnanda hvernig máli skal sinnt. Bakvaktarstarfsmenn eru viðstaddir yfirheyrslur yfir börnum hjá lögreglunni.

Hluti þeirra erinda sem berst til bakvaktar flokkast undir formlegar tilkynningar, en önnur ekki, t.d. erindi sem hægt er að sinna símleiðis eða geta beðið afgreiðslu á skrifstofutíma. Erindi sem bárust til bakvaktar á árinu voru alls 849. Þar af voru 260 erindi skráð sem tilkynningar og eru meðtalin í heildarfjölda tilkynninga sem berst Barnavernd á grundvelli barnaverndarlaga, sjá töflur um fjölda tilkynninga.

Tilkynningar til bakvaktar vegna barna í Grafarvogi voru 47. Erindi sem ekki flokkuðust undir tilkynningar voru 542. Flest erindi til bakvaktar berast frá lögreglu, öðrum opinberum aðilum, foreldrum, öðrum ættingjum og nágrönnum.

**Forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmál. Skipting eftir fjölda heimila og fjölda barna**
*- Samanburður 2002 og 2003*

| | Fjöldi heimila | | Fjöldi barna | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | 2003 | 2002 | 2003 |
| Umgengnismál | 38 | 39 | 43 | 48 |
| Forsjármál | 8 | 1 | 8 | 1 |
| Ættleiðing | 19 | 18 | 19 | 18 |
| Fósturhæfi | 15 | 19 | 15 | 19 |
| **Samtals m.t.t. skörunar milli málaflokka** | **80** | **77** | **85** | **86** |

**Úrskurðir barnaverndarnefndar**

| | Fjöldi heimila | | Fjöldi barna | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund úrskurðar** | **2002** | **2003** | **2002** | **2003** |
| Kveðið á um töku barns af heimili í allt að 2 mán. | 11 | 10 | 12 | 12 |
| Úrskurðað um umgengni fósturbarns við foreldra | 5 | 6 | 7 | 9 |
| Forsjársvipting til frambúðar | 1 | 0 | 1 | 0 |
| **Samtals m.t.t. skörunar milli málaflokka** | **16** | **16** | **19** | **21** |

**Varanlegt, tímabundið og styrkt fóstur**

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| Börn í varanlegu fóstri | 103 |
| Barn fer í varanlegt fóstur á árinu | 7 |
| Börn í tímabundnu fóstri | 65 |
| Barn fer í tímabundið fóstur á árinu | 31 |
| Styrkt fóstur | 4 |
| Fóstur rofnar á árinu | 2 |
| Fóstri lauk á árinu vegna sjálfræðisaldurs | 8 |
| **Samtals m.t.t. skörunar milli málaflokka** | **166** |

**Fjöldi barna, heimila og umfjallana hjá barnaverndarnefnd**
*- Samanburður árin 2002 og 2003*

| | Fjöldi barna | Fjöldi heimila | Fjöldi umfjallana |
|---|---|---|---|
| Árið 2002 | 126 | 100 | 217 |
| Árið 2003 | 182 | 138 | 342 |

Árið 2003 fjallaði barnaverndarnefnd um mál 35 barna úr 31 fjölskyldu sem ekki höfðu verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur áður miðað við 29 börn úr 25 fjölskyldum árið áður.



## Starfsemi fyrir börn og unglinga

### Sumardvöl í sveit

Sumardvölin er úrræði fyrir börn, þar sem þau dvelja hluta úr sumri á sveitabæjum víðsvegar um landið.

**Sumardvöl í sveit – fjöldi barna og fjöldi sveitaheimila**
*- Samanburður milli ára og tilvísunaraðila*

| | Félagsþj. | Miðgarður | Samt. | Fj. sveitaheimila |
|---|---|---|---|---|
| Árið 2002 | 75 | 30 | 105 | 36 |
| Árið 2003 | 46 | 26 | 72 | 20 |

**Sumardvöl í sveit – fjöldi barna, kyn, aldur og dvalartími**
*- Skipting eftir tilvísunaraðilum*

| | Fjöldi alls | Drengir | Stúlkur | Meðalaldur | Meðaldv.t. í dögum |
|---|---|---|---|---|---|
| Miðbær | 6 | 5 | 1 | 9,8 | 16,3 |
| Vesturbær | 5 | 3 | 2 | 10,0 | 19,6 |
| Borgarhl. 2 | 18 | 13 | 5 | 10,3 | 17,5 |
| Borgarhl. 3 | 15 | 9 | 6 | 10,3 | 18,7 |
| Barnavernd | 2 | 1 | 1 | 10,5 | 14,0 |
| Grafarvogur | 26 | 19 | 7 | 10,4 | 22,9 |
| **Samtals** | **72** | **50** | **22** | **10,3** | **19,6** |

### Sumar í borg

Um er að ræða leikjanámskeið sem er sérsniðið að þörfum 6-12 ára barna sem af ýmsum ástæðum geta ekki nýtt sér önnur tilboð yfir sumarið. Námskeiðin eru starfrækt í júní og júlí.

**Sumar í borg – fjöldi barna, kyn og aldur**
*- Skipting eftir tilvísunaraðilum*

| | Fjöldi alls | Drengir | Stúlkur | Meðalaldur |
|---|---|---|---|---|
| Miðbær | 3 | 1 | 2 | 9,3 |
| Vesturbær | 3 | 3 | 0 | 10,3 |
| Borgarhl. 2 | 7 | 6 | 1 | 8,6 |
| Borgarhl. 3 | 6 | 4 | 2 | 9,2 |
| Barnavernd | 2 | 1 | 1 | 9,0 |
| Grafarvogur | 3 | 3 | 0 | 9,0 |
| **Samtals** | **24** | **18** | **6** | **9,1** |

## Vistheimili barna við Laugarásveg 39

Vistheimilið er úrræði í barnaverndarmálum og geta 7 börn dvalið á heimilinu í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur. Greina má vistanirnar eftir orsök þeirra og tilgangi; bráðavistun, greiningar- og kennsluvistun, fósturaðlögun og önnur vistun skv. skilgreindum markmiðum, t.d. meðan beðið er eftir niðurstöðu Barnaverndarnefndar eða viðeigandi úrræði. Íbúð er í kjallara hússins sem notuð er í framhaldi af greiningar- og kennsluvistun.

**Fjöldi barna vistaður á Laugarásvegi 39**
*- Skipting eftir tegund vistunar*

| Tegund vistunar | Fj. barna |
|---|---|
| Bráðavistun | 29 |
| Greiningar- og kennsluvistun | 10 |
| Fósturaðlögun | 1 |
| Önnur vistun | 15 |

**Fjöldi barna sem dvaldi á vistheimilinu, meðalaldur, og dvalardagar**
*- Samanburður árin 2002 og 2003*

| | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 45 | 38 |
| Meðalaldur | 9,1 | 6,7 |
| Dvalardagar | 2.354 | 2.598 |
| Meðaldvalartími (dagar) | 52 | 68 |
| Nýting | 92% | 102% |

**Fjöldi foreldra og barna sem var í greiningar- og kennsluvistun**

| | |
|---|---|
| Fjöldi foreldra | 5 |
| Fjöldi barna | 10 |

## Skammtímavistun á einkaheimilum

Þrjár fjölskyldur, eða einkaheimili, störfuðu hjá Félagsþjónustunni og tóku að sér börn í tímabundna vistun með litlum eða engum fyrirvara.

**Skammtímavistun á einkaheimili, fjöldi barna, meðalaldur og dvalardagar**
*- Samanburður árin 2002 og 2003*

| | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 46 | 39 |
| Meðalaldur | 7,4 | 11 |
| Dvalardagar | 1.380 | 3.413 |
| Meðaldvalartími | 30 | 88 |

## Fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14

Heimilið er faglegt sérúrræði í erfiðum barnaverndarmálum, þar sem börnum eru búin traust og örugg uppeldisskilyrði. Forstöðumaður býr á heimilinu. Heimilið er ætlað 4 börnum í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur. Á árinu bjuggu 7 börn á heimilinu. Nýting heimilisins var 95%.

## „Tenging við Tilveruna“ Hraunbergi 15

Heimilið er ætlað 16-19 ára ungmennum sem lokið hafa langtímameðferð á vegum Barnaverndarstofu eða á Árvöllum. Fjögur ungmenni geta búið á heimilinu í senn og umsjónarmaður býr á staðnum. Markmið heimilisins er að aðstoða ungmennin og fjölskyldur þeirra við aðlögun innan fjölskyldunnar og að daglegu lífi á ný svo árangur af meðferð verði varanlegur. Á árinu dvöldu 9 ungmenni á heimilinu. Fjöldi dvalardaga samtals var 775.

## Fjölskylduheimilið Búðagerði 9

Heimilið er faglegt sérúrræði þar sem unglingum er veittur stuðningur og aðstoð við að takast á við daglegt líf. Heimilið er ætlað fjórum unglingum á aldrinum 13-18 ára. Hjón veita heimilinu forstöðu og búa á staðnum. Náin samvinna er við foreldra og aðra sem koma að málefnum unglinganna. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur. Á árinu bjuggu 7 unglingar á heimilinu og var nýting 91%.

## Unglingaathvarf Amtmannsstíg 5A og Keilufelli 5

Starfsemin er sniðin að þörfum unglinga 13-18 ára, sem eru félagslega einangraðir, hafa orðið fyrir einelti, eru óframfærnir/óvirkir, sýna þunglyndis- og kvíðaeinkenni, hafa lítið sjálfstraust, slaka félagsfærni og/eða búa við erfið uppeldisskilyrði. Meginmarkmið starfsins eru að efla sjálfstraust, leita leiða til uppbyggilegra lausna, styrkja hópkennd og jákvæð samskipti, kenna virðingu og umburðarlyndi og auka hæfni í félagslegum samskiptum.

**Fjöldi þátttakenda í hópastarfi í Keilufelli 5**
*- Kyn og tegund hópa*

| | Piltar | Stúlkur | Alls |
|---|---|---|---|
| Meðferðarhópar | 5 | 7 | 12 |
| Útskriftarhópar | 9 | 5 | 14 |

Meðferðarhópar starfa þrjú kvöld í viku en útskriftarhópar vikulega.

**Fjöldi þátttakenda í hópastarfi á Amtmannsstíg 5A**
*- Kyn og tegund hópa*

| Vor 2003 | Piltar | Stúlkur | Alls |
|---|---|---|---|
| Meðferðar- og útskriftarhópur | 8 | 5 | 13 |
| **Haust 2003** | **Piltar** | **Stúlkur** | **Alls** |
| Tveggja kvölda hópur A | 3 | 3 | 6 |
| Tveggja kvölda hópur B | 4 | 4 | 8 |

Vorið 2003 var starfræktur sameiginlegur meðferðar- og útskriftarhópur á Amtmannsstíg þar sem hluti unglinganna var þrjú kvöld í viku og aðrir tvö kvöld í viku. Haustið 2003 voru starfræktir tveir tveggja kvölda meðferðarhópar í unglingaathvarfinu á Amtmannsstíg. Enginn útskriftarhópur var starfræktur þetta tímabil.

## Skammtímavistun í Álfalandi 6

Heimilið er fyrir fötluð börn, 12 ára og yngri. Þar geta dvalið 6 börn í einu, nokkra sólarhringa í senn. Dvölin er ætluð til þess að foreldrar geti hvílst og/eða komist í frí. Börnin fara og sinna sínum daglegu verkefnum, eins og þau gera þegar þau eru heima, og njóta umönnunar og afþreyingar í Álfalandi.

**Fjöldi barna sem dvaldi í Álfalandi 6, meðalaldur og dvalartími** - *Samanburður árin 2002 og 2003*

| | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 36 | 39 |
| Meðalaldur barna | 8 | 8,4 |
| Meðaldvalartími | 60 | 55 |
| Dvalardagar | 2.167 | 2.155 |
| **Heildarnýting** | **100%** | **100%** |

## Tilsjónarsambýli

Félagsþjónustan rekur þrjú tilsjónarsambýli. Á hverju þeirra búa 2 unglingar í fjögurra herbergja íbúð ásamt umsjónarmanni. Þeir bera sjálfir ábyrgð á leigu og framfærslu. Búsetuskilyrði er að vera í námi eða vinnu. Hlutverk sambýlanna er að bjóða unglingum, sem þess þurfa, búsetu með stuðningi með það að markmiði að stuðla að aukinni færni þeirra við að taka ábyrgð á daglegu lífi. Á árinu bjuggu 9 unglingar á sambýlunum.

## Félagsstarf

Félagsþjónustan starfrækir 16 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina, sem eru opnar Reykvíkingum á öllum aldri. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðvum og aðstoð við böðun. Einnig er boðið upp á hársnyrtingu og fótaaðgerðir.

**Fjöldi þátttakenda í opnu félags- og tómstundastarfi**
*- Skipting eftir félagsmiðstöðvum*

| Félagsmiðstöð | Opin vinnustofa s.s. handav./smíðar | Námskeið | Íþróttir |
|---|---|---|---|
| Aflagrandi 40 | 66 | 44 | 32 |
| Árskógar | 45 | 18 | 19 |
| Bólstaðarhlíð 43 | 43 | 78 | 39 |
| Dalbraut 18-20 | 27 | 17 | 34 |
| Furugerði 1 | 44 | 15 | 21 |
| Hraunbær 105 | 65 | 15 | 19 |
| Hvassaleiti 56-58 | 86 | 52 | 46 |
| Hæðargarður 31 | 144 | 11 | 60 |
| Langahlíð 3 | 57 | 4 | 15 |
| Lindargata 59 | 80 | 112 | 18 |
| Norðurbrún 1 | 38 | 18 | 16 |
| Sléttuvegur 11 | 50 | 0 | 12 |
| Vesturgata 7 | 101 | 95 | 44 |
| **Samtals** | **846** | **479** | **375** |

Í töflunni hér að ofan eru einungis taldir þeir sem taka þátt í félagsstarfi þar sem fram fer skráning. Ótalinn er allur sá fjöldi sem kemur til að spila á spil, fara í ferðalag, í göngu, fá sér kaffi og með því, hlusta á fréttir og spjalla við kunningjana, svo dæmi séu nefnd. Á öllum þessum stöðvum er það sammerkt að væri fjöldi heimsókna/skipta sem fólk kemur talinn þá skipta þær þúsundum á hverri stöð. Að auki fer fram félagsstarf í Dalbraut 21-27, í Seljahlíð við Hjallasel og í Þórðarsveig í Grafarholti, en ekki er gerð samskonar talning á þeim stöðum.

## Stuðningur við fólk í heimahúsum

Félagsþjónustan veitir ýmiss konar stuðning og aðstoð sem miðar að því að fólk geti dvalið sem lengst á eigin heimili. Um er að ræða félagslega heimaþjónustu, stuðning í formi dagvistunar, hvíldarvistunar, heimsendingar á mat, tilsjónar, liðveislu og skammtímadvalar hjá stuðningsfjölskyldum.

### Félagsleg heimaþjónusta

Fólk sem býr í heimahúsum og getur ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust getur fengið félagslega heimaþjónustu. Markmið hennar er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili þrátt fyrir erfiðleika, svo sem veikindi, álag, fötlun eða fjölskylduvanda. Þjónustan er margbreytileg og sniðin að þörfum hvers og eins. Starfsfólk í heimaþjónustu annast m.a. almenn heimilisstörf, s.s. heimilisþrif og þvotta, leitast við að mæta persónulegum þörfum og eru félagslegur stuðningur, hvatning og samvera mikilvægir þættir í starfinu.

**Fjöldi heimila sem fær heimaþjónustu**
*- Skipting eftir hverfum og aldri notenda*

| Hverfi | 66 ára og yngri | 67 ára og eldri | Samt. |
|---|---|---|---|
| 1.1 Miðbær | 107 | 393 | 500 |
| 1.2 Vesturbær | 86 | 363 | 449 |
| 2.1 Laugardalur | 224 | 812 | 1.036 |
| 2.2 Kringla | 130 | 609 | 739 |
| 3.1 Breiðholt | 198 | 291 | 489 |
| 3.2 Árbær | 63 | 98 | 161 |
| 4.1 Grafarvogur | 92 | 49 | 141 |
| Seljahlíð* | 0 | 49 | 49 |
| Eir* | 0 | 35 | 35 |
| **Samtals** | **900** | **2.699** | **3.599** |

*Heimili í Seljahlíð og á Eir fengu heimaþjónustu samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

## Matarþjónusta

Matarþjónusta er tvenns konar. Annars vegar er hádegisverður seldur á stöðvunum og hins vegar er hann sendur heim. Framleiðslueldhús eru fjögur; á Dalbraut 21-27, Droplaugarstöðum, Lindargötu 59 og Seljahlíð við Hjallasel.

### Fjöldi matargesta á félagsmiðstöðvum

| Félagsmiðstöð | Fjöldi |
|---|---|
| Aflagrandi 40 | 99 |
| Árskógar 4 | 74 |
| Bólstaðarhlíð 43 | 93 |
| Dalbraut 18-20 | 90 |
| Furugerði 1 | 61 |
| Hraunbær 105 | 47 |
| Hvassaleiti 56-58 | 85 |
| Hæðargarður 31 | 49 |
| Langahlíð 3 | 43 |
| Lindargata 59 | 223 |
| Norðurbrún 1 | 68 |
| Sléttuvegur 11 | 28 |
| Vesturgata 7 | 55 |
| **Samtals** | **1.015** |

Hlutfall 66 ára og yngri er 3,4%.

Þeir sem geta ekki annast matseld sjálfir og sjá sér ekki fært að borða í næstu félagsmiðstöð eiga kost á að fá heimsendan mat.

### Heimsendur matur. Fjöldi máltíða og fjöldi einstaklinga
*- Skipting eftir framleiðslueldhúsum*

| Eldhús | Fjöldi máltíða | Fjöldi einstaklinga |
|---|---|---|
| Lindargata | 61.580 | 560 |
| Seljahlíð | 36.269 | 388 |
| **Samtals** | **97.849** | **948** |

Hlutfall 66 ára og yngri er 12,4%, en var 3% árið 2002.

## Liðveisla við fatlaða

Liðveisla er persónulegur stuðningur sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. með aðstoð við að njóta félags- og menningarlífs. Auk einstaklingsliðveislu hafa starfað liðveisluhópar.

### Fjöldi þeirra sem fékk liðveislu, fjöldi liðveislutíma og biðlisti
*- Skipting eftir hverfum og aldri notenda*

| **1.1 Miðbær** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
|---|---|---|---|
| Fjöldi notenda | 8 | 31 | 39 |
| Fjöldi tíma | 767 | 3.758 | 4.525 |
| Biðlisti í lok árs | 5 | 22 | 27 |
| **1.2 Vesturbær** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 10 | 14 | 24 |
| Fjöldi tíma | 969 | 2.367 | 3.336 |
| Biðlisti í lok árs | 5 | 3 | 8 |
| **2.1 Laugardalur** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 12 | 32 | 44 |
| Fjöldi tíma | 524 | 3.107 | 3.631 |
| Biðlisti í lok árs | 17 | 22 | 39 |
| **2.2 Kringla** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 17 | 28 | 45 |
| Fjöldi tíma | 2.503 | 2.859 | 5.362 |
| Biðlisti í lok árs | 9 | 19 | 28 |
| **3.1 Breiðholt** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 15 | 27 | 42 |
| Fjöldi tíma | 2.247 | 3.625 | 5.872 |
| Biðlisti í lok árs | 9 | 23 | 32 |
| **3.2 Árbær** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 12 | 7 | 19 |
| Fjöldi tíma | 2.224 | 1.043 | 3.267 |
| Biðlisti í lok árs | 2 | 8 | 10 |
| **Samtals** | **Yngri en 18 ára** | **18 ára og eldri** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 74 | 139 | 213 |
| Fjöldi tíma | 9.234 | 16.759 | 25.993 |
| Biðlisti í lok árs | 47 | 97 | 144 |

## Tilsjónarmenn og persónulegir ráðgjafar

Persónulegur ráðgjafi tekur að sér stuðningshlutverk við barn eða ungling. Tilsjónarmaður styður foreldra/fjölskyldu.

**Fjöldi einstaklinga/fjölskyldna sem fá tilsjón/persónulegan ráðgjafa, fjöldi tíma og biðlisti**
*- Skipting eftir hverfum*

| **1.1 Miðbær** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
|---|---|---|---|
| Fjöldi notenda | 7 | 5 | 12 |
| Fjöldi tíma | 306 | 556 | 862 |
| Biðlisti í lok árs | 2 | 1 | 3 |
| **1.2 Vesturbær** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 7 | 10 | 17 |
| Fjöldi tíma | 529 | 1.002 | 1.531 |
| Biðlisti í lok árs | 10 | 1 | 11 |
| **2.1 Laugardalur** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 10 | 8 | 18 |
| Fjöldi tíma | 1.484 | 596 | 2.080 |
| Biðlisti í lok árs | 7 | 0 | 7 |
| **2.2 Kringla** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 4 | 3 | 7 |
| Fjöldi tíma | 348 | 155 | 503 |
| Biðlisti í lok árs | 13 | 2 | 15 |
| **3.1 Breiðholt** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 22 | 6 | 28 |
| Fjöldi tíma | 2.863 | 487 | 3.350 |
| Biðlisti í lok árs | 39 | 7 | 46 |
| **3.2 Árbær** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 8 | 5 | 13 |
| Fjöldi tíma | 348 | 317 | 665 |
| Biðlisti í lok árs | 2 | 0 | 2 |
| **Samtals** | **Persónul. ráðgjafi** | **Tilsjónarmaður** | **Samt.** |
| Fjöldi notenda | 58 | 37 | 95 |
| Fjöldi tíma | 5.878 | 3.113 | 8.991 |
| Biðlisti í lok árs | 73 | 11 | 84 |

## Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur taka börn til dvalar á heimilum sínum reglubundið, oft eina eða tvær helgar í mánuði. Markmiðið er tvíþætt: Annars vegar að hvíla foreldra, sem oftast eru einstæðir og njóta ekki stuðnings við uppeldið. Hins vegar að veita börnunum tilbreytingu, auka þekkingu þeirra og taka markvisst á hegðunar- og tilfinningalegum þáttum í fari þeirra. Á árinu störfuðu 73 stuðningsfjölskyldur.

**Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu og fjöldi barna á biðlista í lok árs**
*- Skipting eftir hverfum*

| **Hverfi** | **Stuðningsfjölskylda Fjöldi barna** | **Biðlisti í lok árs Fjöldi barna** |
|---|---|---|
| 1.1 Miðbær | 16 | 4 |
| 1.2 Vesturbær | 15 | 4 |
| 2.1 Laugardalur | 20 | 13 |
| 2.2 Kringla | 12 | 13 |
| 3.1 Breiðholt | 44 | 37 |
| 3.2 Árbær | 4 | 1 |
| **Samtals** | **111** | **72** |

## „Stuðningurinn heim“

„Stuðningurinn heim“ er þjónusta til foreldra sem þurfa tímabundið stuðning og ráðgjöf við uppeldi og umönnun barna sinna. Stuðningurinn er veittur á heimili fjölskyldunnar. Einnig er mögulegt að bjóða einni fjölskyldu í senn tímabundna dvöl í íbúð á Sólvallagötu 10, þar sem stjórnun þjónustunnar fer fram og starfsfólk hefur aðsetur. Á árinu fengu 38 fjölskyldur 75 barna stuðning.



## Dagvist fyrir aldraða

Dagvist er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í dagvist er boðið upp á tómstundaiðju, léttar leikfimisæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir dagvistar eru sóttir að morgni og ekið heim síðdegis. Dvalartími getur verið frá einum upp í fimm daga í viku. Dagvist er rekin á daggjöldum frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og með greiðsluþátttöku gesta. Dagvist fyrir aldraða er á tveimur stöðum í borginni: Í Þorraseli, á Þorragötu 7, og á Lindargötu 59.

**Þorrasel**

Dagvistin í Þorraseli er fyrir einstaklinga sem þurfa félagsskap, hvatningu, eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í Þorraseli er pláss fyrir 40 einstaklinga í senn. Fjöldi gesta á árinu var 80 og meðalaldur þeirra 82 ár.

**Lindargata**

Dagvistin á Lindargötu er skilgreind sem hjúkrunardagvist, en þangað koma einstaklingar sem greindir hafa verið með minnissjúkdóma af völdum heilabilunar. Pláss er fyrir 18 einstaklinga í senn. Fjöldi gesta á árinu var 38 og meðalaldur þeirra 75,5 ár.

# Fjármál

## Rekstrarútgjöld

**Heildarrekstrarútgjöld málaflokka Reykjavíkurborgar og hlutfall Félagsþjónustunnar þar af**
*- Samanburður sl. 5 ár*

| | *Reykjavíkurborg milljónir kr.* | *Félagsþjónustan milljónir kr.* | *Hlutfall* |
|---|---|---|---|
| **1999** | 15.817 | 2.503 | 15,8% |
| **2000** | 18.218 | 2.667 | 14,6% |
| **2001** | 23.216 | 3.334 | 14,4% |
| **2002** | 31.949 | 4.061 * | 12,7% |
| **2003** | 32.744 | 4.974 ** | 15,2% |

* Á árinu 2002 hækkuðu útgjöld vegna rekstrar málaflokkanna m.a. vegna breytingu á lífeyrisskuldbindingum og nýjum reikningsskilareglum.

** Með tilkomu innri leigu hækkuðu útgjöld Félagsþjónustunnar um 453 millj. á árinu 2003. Ef sú upphæð er dregin frá útgjöldum Félagsþjónustunnar til að fjárhæðir séu samanburðarhæfari við fyrri ár eru útgjöld Félagsþjónustunnar 4.520 millj. kr. árið 2003 eða 13,8% af heildarútgjöldum Reykjavíkurborgar.

# Fjármál

## Skipting rekstrarútgjalda Félagsþjónustunnar

| *Í þúsundum króna:* | *Tekjur 2003* | *Innri leiga (gjöld) 2003* | *Önnur gjöld 2003* | *Rekstrar-útgjöld 2003* | *Rekstrar-útgjöld 2002* |
|---|---|---|---|---|---|
| Nefndir og ráð: | | | | | |
| Félagsmálaráð | | | 5.516 | 5.516 | 5.265 |
| Barnaverndarnefnd | | | 4.994 | 4.994 | 3.909 |
| **Samtals** | | | **10.510** | **10.510** | **9.174** |
| **Aðalskrifstofa og borgarhlutaskrifstofur** | **20.040** | **26.932** | **588.517** | **595.408** | **557.202** |
| Fjárhagsaðstoð: | | | | | |
| Fjárhagsaðstoð | 12.566 | | 973.098 | 960.532 | 853.371 |
| Húsaleigubætur | 260.720 | | 596.213 | 335.494 | 201.413 |
| Mismunur á leigu | 8.169 | 1.210 | 461.782 | 454.822 | 358.526 |
| Afskriftir | | | 4.293 | 4.293 | 6.845 |
| Framlag vegna viðbótarlána | | | 165.895 | 165.895 | 117.196 |
| **Samtals** | **281.456** | **1.210** | **2.201.281** | **1.921.035** | **1.537.351** |
| Opin þjónusta fyrir fjölskyldur og börn: | | | | | |
| Unglingaathvarf Amtmannsstíg | 516 | 2.376 | 14.090 | 15.950 | 12.034 |
| Unglingaathvarf Keilufelli | 88 | 845 | 14.271 | 15.028 | 14.009 |
| Fjölskyldumiðstöð Sólvallagötu | | 1.842 | 14.959 | 16.801 | 14.656 |
| Stuðningurinn heim Sólvallagötu | | | 16.772 | 16.772 | 15.406 |
| Fjölskylduráðgjöf | 1.500 | | 5.264 | 3.764 | 13.649 |
| Vinnuhópur unglinga | | | | 0 | 4.210 |
| Sumarúrræði fyrir börn | | | 5.096 | 5.096 | 8.175 |
| Orlofsnefnd húsmæðra | | | 6.151 | 6.151 | 6.057 |
| Búslóðageymsla | | | 10.112 | 10.112 | 9.693 |
| **Samtals** | **2.104** | **5.063** | **86.715** | **89.674** | **97.889** |
| Heimaþjónusta og liðveisla: | | | | | |
| Heimaþjónusta | 64.346 | | 524.229 | 459.883 | 505.272 |
| Liðveisla og stuðningsfjölskyldur | | | 80.744 | 87.744 | 100.908 |
| **Samtals** | **64.346** | | **604.973** | **540.627** | **606.180** |
| Stuðningsþjónusta: | | | | | |
| Stuðningsþjónusta við geðfatlaða | 42.612 | | 56.977 | 14.365 | 19.012 |
| Heimili fyrir fjölskyldur og börn: | | | | | |
| Vistheimili barna Laugarásvegi | | 3.175 | 54.222 | 57.398 | 55.516 |
| Skammtímavistun Álfalandi | 51.670 | 2.041 | 49.629 | 0 | 0 |
| Fjölskylduheimili Ásvallagötu | | 2.106 | 15.385 | 17.491 | 15.216 |
| Fjölskylduheimili Búðagerði | | 1.080 | 15.247 | 16.327 | 15.209 |
| Tilsjónarsambýli | | | 5.684 | 5.684 | 5.395 |
| Vistun á einkaheimilum | | | 14.596 | 14.596 | 14.223 |
| Borgarhl. 2 vistun barna eldri en 18 ára | | | 360 | 360 | |
| Borgarhl. 3 vistun barna eldri en 18 ára | | | 718 | 718 | |
| Tenging við Tilveruna, Hraunbergi | 321 | 1.674 | 7.151 | 8.504 | 6.391 |
| **Samtals** | **51.992** | **10.076** | **162.992** | **121.077** | **111.950** |

| *Í þúsundum króna:* | *Tekjur 2003* | *Innri leiga (gjöld) 2003* | *Önnur gjöld 2003* | *Rekstrar-útgjöld 2003* | *Rekstrar-útgjöld 2002* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Félags- og þjónustumiðstöðvar** | **56.380** | **101.380** | **268.019** | **313.018** | **215.564** |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili: | | | | | |
| Droplaugarstaðir | 340.170 | 55.260 | 340.170 | 55.260 | 0 |
| Seljahlíð + verslun | 207.895 | 65.544 | 208.362 | 66.011 | 490 |
| **Samtals** | **548.064** | **120.804** | **548.532** | **121.271** | **490** |
| **Dagdeildir aldraða, Lindargötu og Þorragötu** | **66.720** | **4.860** | **68.554** | **6.694** | **3.404** |
| **Þjónustuíbúðir fyrir aldraða** | **131.816** | **143.915** | **236.752** | **248.851** | **91.552** |
| Sérstök búsetuúrræði: | | | | | |
| Vistun, Blesastaðir og Kumbaravogur | | | 2.561 | 2.561 | 6.457 |
| Foldabær – framlag | | | 21.456 | 21.456 | 19.655 |
| Vistun öryrkja | | | 994 | 994 | 998 |
| Áfangaheimili fyrir áfengissjúklinga | | | 2.640 | 2.640 | 4.600 |
| Gistiskýlið Þingholtsstræti | | 3.378 | 17.300 | 20.678 | 16.365 |
| Úrræði fyrir heimilislausa | | | 30.529 | 30.529 | 15.325 |
| **Samtals** | | **3.378** | **75.480** | **78.858** | **63.390** |
| **Framleiðslueldhús Lindargötu og Seljahlíð** | **164.446** | | **213.444** | **48.998** | **69.697** |
| Framlög og styrkir: | | | | | |
| Styrkir til félagsmála | | | 34.418 | 34.418 | 35.974 |
| Styrkir vegna innri leigu (húsnæði til félagsmála) | | 29.999 | | 29.999 | |
| Niðurgr. fyrir aldraða og fatlaða á sundstöðum | | | 34.000 | 34.000 | 30.000 |
| Niðurgr. strætisvagnafargjald fyrir aldraða | | | 47.345 | 47.345 | 43.295 |
| Gerðuberg, niðurgreiddar veitingar | | | 2.297 | 2.297 | |
| Ásgarður handverkstæði – framlag | | | 2.372 | 2.372 | 3.488 |
| **Samtals** | | **29.999** | **120.432** | **150.431** | **112.757** |
| Skrifstofa barnaverndarnefndar: | | | | | |
| Barnavernd Reykjavíkur, rekstur skrifstofu | 573 | 4.717 | 95.904 | 100.049 | 91.706 |
| Barnavernd Reykjavíkur, úrræði | 733 | | 106.818 | 106.085 | 98.933 |
| **Samtals** | **1.306** | **4.717** | **202.722** | **206.134** | **190.639** |
| Útgjöld vegna Húsnæðisskrifstofu | | | 14.655 | 14.655 | 19.926 |
| Annar kostn. = önnur starfshúsnæðisskrifst. | 2.977 | | 24.108 | 21.131 | 15.200 |
| Félagsleg aðstoð vegna niðurgr. fasteignagjalda | | | 128.207 | 128.207 | 123.859 |
| Ferðaþjónusta fatlaðra | | | 161.456 | 161.456 | 141.500 |
| Bjargráðasjóður | | | 12.525 | 12.525 | 12.323 |
| Framlag til Markaholts | | | 80.000 | 80.000 | |
| Framlag til Eirar | | | 55.000 | 55.000 | |
| Gjaldfærðir lausafjármunir | | | 32.631 | 32.631 | 61.738 |
| Innri leiga áhalda og tækja | | 999 | | 999 | |
| **Samtals alls** | **1.434.259** | **453.333** | **5.954.480** | **4.973.554** | **4.060.797** |

**Skýringar:**
1. Á árinu 2003 breyttist tilhögun á húsnæðiskostnaði með tilkomu innri leigu.
2. Fjölgun þjónustuíbúða í Seljahlíð árið 2003.
3. Í samræmi við leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga er afsláttur fasteignagjalda hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, sem hingað til hefur verið færður til lækkunar tekna, færður sem félagsleg aðstoð.

# Helstu lykiltölur 2002 og 2003

| Félagsleg heimaþjónusta | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Kostnaður | 505.272.000 | 459.883.000 |
| Fjöldi heimila | 3.416 | 3.458 |

| Fjárhagsaðstoð | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Kostnaður | 853.371.000 | 960.532.00 |
| Fjöldi heimila | 3.198 | 3.341 |

| Húsaleigubætur * | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Kostnaður | 201.413.000 | 335.494.000 |
| Fjöldi heimila | 4.059 | 5.259 |

| Stoðþjónusta | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Kostnaður við liðveislu, tilsjón og stuðningsfjölskyldur | 100.908.000 | 80.744.000 |
| Fjöldi notenda sem fær liðveislu eða tilsjón | 366 | 306 |
| Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu | 119 | 111 |

*Miðgarður meðtalinn.

| Barnavernd Reykjavíkur | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi barnaverndartilkynninga | 2.012 | 2.028 |
| Fjöldi barna til meðferðar | 1.699 | 1.701 |
| Fjöldi fjölskyldna | 1.344 | 1.294 |

| Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða* | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi íbúða | 1.346 | 1.547 |
| Fjöldi úthlutana | 164 | 208 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 881 | 1.022 |

| Þjónustuíbúðir fyrir aldraða* | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi þjónustuíbúða | 324 | 382 |
| Fjöldi úthlutana | 50 | 74 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 340 | 358 |

| Heimsendur matur | 2002 | 2003 |
|---|---|---|
| Fjöldi einstaklinga | 953 | 948 |
| Fjöldi máltíða | 98.434 | 97.849 |

*Miðgarður meðtalinn.